


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk








NETTILBOÐ
VIKUNNAR Á HAGKAUP.IS
CROSS TONUS HERRA- OG DÖMUREIÐHJÓL
29.999kr
verð áður 39.999kr | afsláttur 25%
Gildir aðeins í vefverslun hagkaup.is til 6. maí 2012.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
2. maí 2012
102. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Of flottur Hobbiti

*Ný tækni, sem notuð er við tökur á Hobbitanum, þykir of góð fyrir venjuleg kvikmyndahús.*

fólk 28

## Kannar nýja möguleika

*Sigurður Grétarsson, fyrrum atvinnuknattspyrnumaður, er fimmtugur í dag.*

tímamót 20



## HK vann fyrstu lotu

*HK er 1-0 yfir gegn FH í úrslitaeinvígi N1-deildar karla í handbolta.*

sport 30

## veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** Í dag má búast við hægri breytilegri átt um allt land. Horfur eru á lítilsháttar vætu í flestum landshlutum, mest norðantil en síst suðaustanlands. Milt í veðri og hlýjast allra syðst.

VEÐUR 4

# Fjármálastjóri í Kópavogi á sérkjörum við lóðakaup

**Guðrún Pálsdóttir, sem hætti sem bæjarstjóri í Kópavogi í febrúar, fékk í tíð sinni sem fjármálastjóri bæjarins vaxtalaust lán fyrir gatnagerðargjöldum og hagstæðari vaxtakjör en aðrir vegna kaupa á einbýlishúsalóð.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Guðrún Pálsdóttir, sem lét af störfum sem bæjarstjóri Kópavogs í febrúar, naut í tíð sinni sem fjármálastjóri bæjarins sérkjara umfram aðra við lóðakaup.

Eftir athugun sem endurskoðunarfyrirtækið Deloitte var í fyrrasumar fengið til að gera á innihaldi peningaskáps sem steyptur er í vegg á bæjarskrifstofunum í Kópavogi komu meðal annars í ljós fjögur skuldabréf vegna kaupa Guðrúnar og eiginmanns hennar á einbýlishúsalóð í Jöklalind 5. Bréfin, sem dagsett eru 27. desember 1996, voru upp á samtals 2.586.400 krónur. Vextir, sem ekki byrjuðu að reiknast fyrr en 18. febrúar 1997, voru 6,0 prósent auk verðtryggingar. Aðrir í sömu stöðu greiddu 6,75 til 6,85 prósent í vexti af sínum skuldabréfum vegna lóðakaupa af bænum.

Síðar kom í ljós við nánari könnun sem Guðríður Arnardóttir, þáverandi formaður bæjarráðs, lét gera að Guðrún borgaði þess utan enga vexti af 1.105.265 króna gatnagerðargjöldum. Engin sambærileg dæmi fundust. Upphæðina greiddi Guðrún á þremur árum – frá því í nóvember 1999 þar til í nóvember 2002.

Mál þetta vó þungt í því að meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, Næst besta flokksins og Y-lista Kópavogsbúa undirbjó að segja Guðrúnu upp bæjastjórastarfinu fyrr á þessu ári. „Eins og komið hefur fram studdi Samfylkingin ekki bæjarstjóra til áframhaldandi starfa, meðal annars vegna þessa máls,“ segir Guðríður Arnardóttir um það hvernig brugðist hafi verið við málinu.

Núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Y-lista Kópavogsbúa, sem tók við í febrúar, samdi um starfslok Guðrúnar sem bæjarstjóra en réði hana jafnframt í nýja sviðsstjórastöðu sem hún tekur við í haust. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri vill ekki tjá sig um málið að svo stöddu. - gar

### Mannleg mistök og tafir á framkvæmdum

Guðrún Pálsdóttir segist enga skýringu sjá á lægri vöxtum á skuldabréfunum aðra en að um mannleg mistök hafi verið að ræða. „Því miður veitti ég þessu ekki athygli þegar við skrifuðum undir bréfin. Enda kom þetta mér í opna skjöldu nú 15 árum síðar.“ Spurð hver hafi tekið ákvörðun um að innheimta ekki vexti af gatnagerðargjöldum, segir hún að vegna deiliskipulagsbreytinga hafi framkvæmdir við hús hennar tafist úr hófi og „því var gert samkomulag við yfirboðara mína um greiðslufyrirkomulag á viðbótargjöldunum.“

Aðspurð hvort þetta hafi verið venjulegt vinnulag segir Guðrún: „Breytingar af hálfu bæjarins sem skapa tafir hjá lóðarhöfum um lengri tíma hafa ætíð leitt til niðurfellingar vaxta. Og oft skaðabótakrafna af hálfu lóðarhafa.“ Guðrún segist ekki telja að hún hafi notið kjara, sem öðrum stóðu ekki til boða. Aðspurð hvort hún hafi gefið bæjarfulltrúum skýringar á málinu segir hún: „Fyrrverandi meirihluti skoðaði málið með mér og öðrum embættismönnum.“



**HUNDRUÐ Í KRÖFUGÖNGU** Fjölmenni var í kröfugöngunni sem fór niður Laugaveginn í gær á alþjóðabaráttudegi verkamanna. Þetta er í 90. sinn sem frídagur verkalýðsins er haldinn hátíðlegur hér á landi.
**Sjá síður 11 og 12.**
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Upptökur á nýrri plötu hafnar:

# Hermigervill aðstoðar Retro

**TÓNLIST Tónlistarmaðurinn Sveinbjörn Thorarensen, eða Hermigervill, aðstoðar hljómsveitina Retro Stefson við gerð hennar næstu plötu.**



SVEINBJÖRN THORARENSEN

**Samstarf þeirra hófst í Belgíu seinasta vetur þar sem Sveinbjörn býr. „Við vorum að spila í Brussel og ég fór í heimsókn til hans í Antwerpen,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson úr Retro Stefson. Hermigervill er ánægður með gang mála: „Þetta eru æðislegir krakkar og ég get ekki hugsað mér að vinna með betra fólki.“** - fb/ sjá síðu 34.

Íslandsvinurinn Alexander Dale Oen lést í gær aðeins 26 ára að aldri:

# Mikið áfall að missa góðan vin

**SUND** „Það var mikið áfall að heyra af þessu. Ég talaði við hann á laugardaginn og þá lét hann vel af sér,“ segir sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson.

Alexander Dale Oen, eini Norðmaðurinn sem hefur unnið til verðlauna í sundi á Ólympíuleikum, lést í gær aðeins 26 ára að aldri. Oen fannst meðvitundarlaus í sturtuklefa á hótelherbergi eftir æfingu norska landsliðsins í Flagstaff í Bandaríkjunum í gær.

Oen, sem var einn besti sundmaður heims, var mikill Íslandsvinur og var síðast hér á landi fyrir tveimur og hálfri viku. Hann og Jakob Jóhann voru miklir mátar enda höfðu þeir þekkst í ein sex ár.

„Hann var mjög hress strákur og sá alltaf eitthvað jákvætt við hlutina,“ segir Jakob. „Hann þekkti mjög marga á Íslandi enda vildi hann kynnast öllum og gaf sér alltaf tíma til þess.“ - kh /seth


Er svefninn vandamál?
Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum



NÝJUNG!






STELLA BLÓMKVIST ER MÆTT AFTUR!




NÝR ÍSLENSKUR KRIMMI

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## SPURNING DAGSINS



*Ómar, er ekki spurning að þú setjir á þig veiðibjöllu?*

„Nei, því þá uppskæri ég mávahlátur.“

Mávar hafa sótt í kjötmjöl sem dreift var á íþróttavelli í Kópavogi. Ómar er umsjónarmaður vallanna og hefur notað gasbyssu til að fæla þá í burtu. Veiðibjalla er ein tegund máva.

Aung San Suu Kyi og félagar hennar gefa eftir vegna óþreyju almennings:

# Setja eiðstafinn ekki fyrir sig

**BÚRMA, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, segir að hún og stuðningsmenn hennar ætli að mæta til þings á miðvikudag og sverja embættiseið, þrátt fyrir að þau séu ósátt við orðalag eiðstafsins.

Þau vilja komast hjá því að sverja eið, sem skuldbindur þau til að „verja stjórnarskrána“, enda hafa þau barist fyrir breytingum á henni og voru kosin út á það í þingkosningunum 1. apríl síðastliðinn.

Þess í stað hafa þau viljað fá eiðstafnum breytt þannig að þau skuldbindi sig til þess að „virða stjórnarskrána“.

Þótt þessi breyting hafi ekki náðst fram ætlar Suu Kyi að taka sæti á þingi vegna þess að almenningur er orðinn óþreyjufullur og vill ekki bíða lengur eftir því að stjórnarandstæðingar geti látið rödd sína heyrast á þingi.

„Við erum ekki að gefa neitt eftir heldur fara að vilja fólksins,“ segir Suu Kyi. „Stjórnmál snúast um málamiðlanir.“

Hún ætlar áfram að berjast fyrir þeim lýðræðisumbótum sem hún hefur barist fyrir áratugum saman.

Flokkur hennar vann stórsigur í þingkosningum árið 1990, en herforingjastjórnin tók ekki mark á þeim kosningum. Suu Kyi hefur verið í stofufangelsi megnið af tímanum síðan, með nokkrum mislöngum hléum.

Hún var látin laus á síðasta ári eftir að herforingjastjórnin byrjaði að slaka á klónni. **- gb**



**AUNG SAN SUU KYI** Ætlar að berjast áfram fyrir lýðræðisumbótum í landi herforingjastjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP



**VIÐ LAGARFLJÓT** Ormurinn lifir góðu lífi í huga fólks.

NBC á Austurlandi:

## Tökulið leitar orms í Leginum

**NÁTTÚRA** Bandarískt kvikmyndatökulið frá sjónvarpsstöðinni NBC hefur verið við tökur á Austurlandi síðustu viku og leitar Lagarfljótsormsins. Frá þessu er greint á fréttavef Austurgluggans.

Tökurnar eru fyrir þáttinn Fact or Faked: Paranormal Files, sem sérhæfir sig í að leita sannleikans að baki vinsælustu og furðulegustu myndböndunum sem sést hafa á netinu. Myndband Hjartar Kjerúlf, bónda á Hrafnkelsstöðum, af Lagarfljótsorminum virðist hafa dregið Bandaríkjamennina til Íslands en fimm milljónir manna hafa horft á myndskeiðið á YouTube. **- shá**

Vonsviknir myndhöggvarar:

## Engir styrkir og sýningu aflýst

**MENNINGARMÁL Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er hætt við samsýningu vegna fjörutíu ára afmælis félagsins í sumar. „Stjórn félagsins eyddi talsverðum tíma og orku í að sækja um hina ýmsu styrki hjá borg, ríki og einkaaðilum. Því miður fengum við engar fjárveitingar,“ segir á heimasíðu Myndhöggvarafélagsins. Vegna þessa „blákalda raunveruleika“ sé hætt við sýninguna. „Það er okkar álit að ekki sé hægt að fara fram á að félagsmenn standi að öllu leyti að fjármögnun, framkvæmd og uppsetningu útilistaverka.“ - gar**

# Íslenskir unglingar ánægðir með líf sitt

**Íslenskir unglingar eru meðal þeirra ánægðustu í heimi, samkvæmt nýrri alþjóðlegri rannsókn. Drengir eru ánægðari en stúlkur og eykst kynjamunur með aldrinum. Lífsánægja minnst meðal tyrkneskra og ungverskra unglinga.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslenskir unglingar eru með þeim ánægðustu í heimi. Um 95 prósent unglinga hér á landi segjast ánægðir með líf sitt, samkvæmt niðurstöðum nýrrar, alþjóðlegrar rannsóknar sem birt verður í dag.



**ÁRSÆLL ARNARSSON**

Einnig er lífsánægja finnskra, belgískra og hollenskra ungmenna með því mesta sem gerist. Rannsóknin, Heilsa og lífskjör skólabarna (Health and Behaviour in School-aged Children, HBSC), var gerð í 43 samanburðarlöndum í Evrópu og Norður-Ameríku. Alls tóku um 200 þúsund unglingar þátt. Á Íslandi var spurningalisti könnunarinnar lagður fyrir tæplega tólf þúsund nemendur í 6., 8. og 10. bekk, sem jafngildir 87 prósentum af heildarfjölda nemenda í þessum bekkjardeildum landsins.

Nær allir hollenskir unglingar segjast ánægðir með líf sitt, en hlutfallið er hæst þar í landi. Greinilegt er að munur á lífsánægju kynjanna eykst með aldrinum, en meðal unglinga í 10. bekk voru drengir ánægðari en stelpur í öllum þátttökulöndunum.

Könnunin var lögð fyrir hér á landi af Rannsóknarsetri forvarna við Háskólann á Akureyri (HA). Hún er styrkt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og er ætlað veita innsýn í þætti sem stýra heilsu og vellíðan unglinga.

Ársæll Arnarsson, prófessor í sálfræði við HA, segir áhugavert að fá þessar niðurstöður til umræðu í samfélaginu í dag.

„Þetta eru að mörgu leyti ánægjulegar og mikilvægar upplýsingar,“ segir hann. „Íslendingar hafa gengið í gegnum efnahagslegar þrengingar og er gott að sjá að þrátt fyrir það líður unglingunum okkar flestum mjög vel. Þó hlýtur slakari útkoma eldri stúlkna bæði að vekja fólk til spurninga og athafna.“

Ársæll segir lífsánægju mikilvægan þátt í líðan unglinga, sem ræðst af reynslu og tengslum þeirra við aðra. Góð samskipti við foreldra og vini hjálpi unglingum að takast á við breytingar og yfirstíga vandamál.

„Skólinn hefur einnig mikil áhrif á lífsánægju ef börnunum gengur og líður vel í honum. Hamingjusöm æska skilar sér svo í betri félagshæfni og bjargráðum síðar á ævinni.“

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar líður tyrkneskum, ungverskum, pólskum og grænlenskum unglingum verst af þjóðunum 48.

sunna@frettabladid.is



**ÁNÆGÐAR** Lífsánægja mælist einna mest meðal unglinga hér á landi, en í öllum löndum er hlutfall ánægðra drengja í 10. bekk hærra en stúlkna. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**95%** íslenskra unglinga hér á landi segjast ánægðir með líf sitt.

**SAMKVÆMT RANNSÓKNINNI HEILSA OG LÍFSKJÖR SKÓLABARNA**



**AÐ LEIK** Börn eldri en sextán ára mega nú vera úti til klukkan 24.00 en yngri en 12 ára til 22.00. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breyttur útivistartími:

## 12 ára börn úti til klukkan 22

**SAMFÉLAGSMÁL** Útivistartími barna og unglinga tók breytingum þann 1. maí. Nú mega tólf ára börn og yngri vera úti til klukkan 22.00. Þrettán til sextán ára unglingar mega vera úti til klukkan 24.00. Börn mega ekki vera á almannafæri utan fyrrgreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum.

Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þeim er meðal annars ætlað að tryggja nægan svefn. Svefnþörfin er einstaklingsbundin en þó má ætla að börn og unglingar á grunnskólaaldri þurfi 10 tíma svefn á nóttu, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. **- kh**

**UMHVERFISMÁL**

### Vilja friðlýsa Húsey

Náttúruverndarsamtök Austurlands hvetja sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs og umhverfisráðuneyti til að ganga hið fyrsta frá friðlýsingu Húseyjar og Úthéraðs. Náttúrufar við Héraðsflóann er einstakt. Friðlýsing með hefðbundnum nytjum er öllum til hagsbóta og fjársjóður fyrir komandi kynslóðir.




Andrea Ólafsdóttir býður sig fram til forseta og vill leysa skuldavandann:

# Mundi vera á lágmarkslaunum

**KOSNINGAR** Lánamál heimilanna, lýðræðisumbætur og lögfesting lágmarkslauna eru helstu baráttumál Andreu J. Ólafsdóttur, sem í gær tilkynnti um framboð til embættis forseta Íslands.

Andrea, sem er 39 ára og hefur í tæpt ár gegnt formennsku í Hagsmunasamtökum heimilanna, er áttundi frambjóðandinn sem gefur kost á sér til embættisins.

Fyrsta verk Andreu í embætti, næði hún kjöri, yrði að boða til þjóðfundar þar sem hún mundi hafa samráð við fulltrúa þjóðarinnar um hlutverk og framtíð forsetaembættisins. Hún kveðst vilja ræða náið við fólk á landinu öllu og fylgja slíku samtali eftir með skoðanakönnunum til að hún geti tryggt eftir fremsta megni að hún starfi í samræmi við vilja þjóðarinnar.

Andrea ræddi sérstaklega um skuldamál heimilanna á fundinum í gær, og sagði nauðsynlegt að leiðrétta skuldir heimilanna og afnema verðtryggingu. Sem dæmi um lýðræðisumbætur sem þyrfti að ná í gegn nefndi hún að setja þyrfti lög um þjóðaratkvæðagreiðslur sem öryggisventil.

Andrea lýsti því einnig yfir á fundinum að hún hygðist einungis þiggja lágmarkslaun, 193 þúsund krónur á mánuði, fyrst um sinn. Afganginn af forsetalaununum mundi hún gefa til góðra málefna. Þessu fyrirkomulagi mundi hún halda þar til hún hefði náð markmiðum sínum, en þá mundi hún halda eftir helmingi launanna og gefa hinn helminginn í góðgerðarmál í gegnum sérstakan forsetasjóð. **- sh**



**ÁFRAM UM LÝÐRÆÐISUMBÆTUR** Andrea vill setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslur. MYND/STÖÐ 2

## GENGIÐ 30.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,55 | 126,15 |
| Sterlingspund | 204,02 | 205,02 |
| Evra | 165,89 | 166,81 |
| Dönsk króna | 22,298 | 22,428 |
| Norsk króna | 21,866 | 21,994 |
| Sænsk króna | 18,597 | 18,705 |
| Japanskt jen | 1,5651 | 1,5743 |
| SDR | 194,54 | 195,7 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

228,1331

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný skýrsla menningarmálanefndar breska þingsins er áfellisdómur yfir Rupert Murdoch:

# Ekki hæfur til að leiða alþjóðlegt fyrirtæki

**BRETLAND** Rupert Murdoch er ekki hæfur til að leiða alþjóðlegt stórfyrirtæki. Þetta er niðurstaða menningarmálanefndar breska þingsins sem rannsakað hefur umdeilt hlerunarmál News of the World.

Nefndin var skipuð í júlí 2011 eftir að upp komst að breska slúðurblaðið hefði við fréttaöflun hlerað síma hjá fólki, þar á meðal hinni 13 ára gömlu Milly Dowler og fjölskyldu hennar, en hún fannst myrt þann 18. september árið 2002.

Nefndin komst meðal annars að því að Murdoch var vel meðvitaður um það sem fram fór hjá blaðinu en „kaus að horfa fram hjá því“.

Nefndin fékk vitnisburð meðal annars hjá fyrrverandi blaða- og yfirmönnum News of the World sem og lögreglumönnum og lögfræðingum fólks sem blaðið njósnaði um.

Nefndin klofnaði að vísu þar sem fjórir íhaldsmenn, af tíu nefndarmönnum, gerðu athugasemdir við niðurstöðuna og sögðu hana byggja á flokkapólitík. Sex fulltrúar Verkamannaflokksins og Frjálslyndra demókrata studdu hana hins vegar.

Íhaldsmaðurinn Louise Mensch lýsti skýrslunni sem „mikilli skömm“ og að „trúverðugleiki“ hennar hefði skaðast.

Nefndin sjálf hefur ekki leyfi til að aðhafast neitt frekar í málinu.

News Corp, útgáfufélag The News of the World, sagðist í tilkynningu vera að fara yfir niðurstöðu skýrslunnar og hygðist svara henni innan skamms en bætti við að fyrirtækið væri vel meðvitað um að starfsmenn blaðsins hefðu haft rangt við og að það bæði þá sem brotið var á afsökunar. - kh



**RUPERT MURDOCH** Hart hefur verið deilt á Murdoch en hann er eigandi News Corp sem gaf meðal annars út News of the World. NORDIC PHOTOS/AFP



**FRÁ LANDSDÓMI** Saksóknari Alþingis og verjandi Geirs ræða niðurstöðuna á fundinum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Opinn fundur hjá Orator:

## Sækjandi og verjandi ræða um Landsdóm

**LANDSDÓMUR** Opinn fundur um niðurstöðu Landsdóms verður haldinn í dag á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands og Orators, félags laganema við Háskóla Íslands.

Róbert Spanó, forseti lagadeildar HÍ, mun halda framsöguerindi en svo munu Sigríður J. Friðjónsdóttir, fyrrverandi saksóknari Alþingis, og Andri Árnason, verjandi Geirs, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum að loknum erindum sínum. Þó gæti farið svo að Andri forfallist en þá mun annar lögfræðingur úr verjendaliði Geirs mæta í hans stað.

Fundurinn fer fram í sal 101 í Lögbergi og stendur frá 12-14. - kh

### LÖGREGLUMÁL

**Pústrar í miðbænum**

Tveir ökumenn voru teknir grunaðir um ölvun við akstur og einn ökumaður var tekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Nóttin var annars róleg hjá lögreglu en þó var eitthvað um pústra í miðbænum.

# Uppteknir foreldrar vanrækja börn sín

**Vanrækt börn þroskast seinna en önnur börn, segir dr. Kari Killén. Í Danmörku eiga 2.200 börn á hverju ári á hættu að fæðast sködduð vegna drykkju mæðra á meðgöngu, segir dr. May Olofsson. Þekking lækna og ljósmæðra er ekki nóg.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Foreldrar eru oft svo uppteknir af sjálfum sér og eigin vandamálum að þeir vanrækja samskipti við börn sín. Börn geta til dæmis búið við efnahagslegt öryggi en ekki fengið þau tilfinningalegu tengsl sem þau þurfa. Tilfinningaleg vanræksla getur leitt til þess að börnin þroskast seinna á ýmsum sviðum en önnur börn. Afleiðingarnar geta orðið alvarlegar og keðjuverkunin óheillavænleg.

Þetta er meðal þess sem dr. Kari Killén mun fjalla um á námsstefnunni Foreldrar í vanda – börn í vanda á vegum Þerapeiu hf., Miðstöðvar foreldra og barna og Barnaverndarstofu sem haldin verður í dag og á morgun á Þjóðminjasafninu.

Að sögn Killén, sem er yfirmaður rannsóknarstarfs stofnunarinnar NOVA (Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring) í Ósló, verður vanrækt barn, hvernig svo sem vanrækslan er, erfitt barn, eins og hún orðar það. „En það dugar ekki að segja foreldrunum hvað þeir eiga að gera. Það þarf að hvetja foreldra og hjálpa þeim að reyna að skilja barnið sitt. Ef um alvarleg tilfelli vanrækslu er að ræða er auðvitað skylda yfirvalda að grípa inn í.“

Kari Killén getur þess að þekkingin á málefninu sé mikil. Henni sé hins vegar ekki beitt eins og skyldi. „Það er stórt gap þar á milli. Það er nauðsyn á samvinnu þeirra sem starfa að þessum málum,“ segir hún.

Á námsstefnunni mun dr. May Olofsson, yfirlæknir fjölskylduþjónustu Hvidovre sjúkrahússins og Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn, meðal annars fjalla um hættuna á skaðlegum áhrifum áfengisneyslu verðandi mæðra á fóstrið, einkum á þroska heilans og miðtaugakerfisins.

Olofsson segir að miðað við hversu mikil áfengisneysla danskra kvenna er eigi 2.200 börn á hættu að fæðast alvarlega sködduð, líkamlega og andlega, á hverju ári. „Skilaboð heilbrigðisyfirvalda um að konur eigi ekki að drekka á meðgöngu eru skýr. Tiltölulega margir læknar og ljósmæður fylgja hins vegar ekki tilmælum yfirvalda. Þekking þeirra á hættunni er ekki nægileg. Konur hafa greint frá því að læknar hafi sagt þeim að drykkja á meðgöngu sé í lagi.“

Olofsson tekur það fram að hættan á líkamlegri og andlegri fötlun barns vegna drykkju móður á meðgöngu sé fullsönnuð. Þetta sé skaði sem hægt sé að koma í veg fyrir. ibs@frettabladid.is



**BÖRN Í VANDA** Dr. May Olofsson frá Danmörku og dr. Kari Killén frá Noregi eru aðalfyrirlesarar á ráðstefnunni Foreldrar í vanda – börn í vanda sem haldin er í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Konur hafa greint frá því að læknar hafi sagt þeim að drykkja á meðgöngu sé í lagi.
>
> **DR. MAY OLAFSSON**
> YFIRLÆKNIR Á HVIDOVRE SJÚKRAHÚSINU

Úthafskarfaveiðin að hefjast:

## Átta togarar á hryggnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Úthafskarfaveiðin er að hefjast á Reykjaneshrygg. TF-SIF, eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar, fór þess vegna í eftirlitsflug í gær á hefðbundna veiðislóð og suður fyrir efnahagslögsögumörkin til að kanna stöðuna á miðunum.

Sex rússneskir togarar voru að veiðum um 25 sjómílur fyrir utan lögsögumörkin og tveir spænskir togarar voru á siglingu fyrir sunnan svæðið og stefndu á miðin.

Gæslan hafði samband við skipin og fékk þær upplýsingar að lítið væri að hafa ennþá, en reynsla fyrri ára væri að veiðin tekur jafnan að glæðast þegar líður á maímánuð. - shá

Landsvirkjun hagræðir:

## Skuldbreyta og minnka áhættu

**VIÐSKIPTI Landsvirkjun hefur skrifað undir samninga við Norræna fjárfestingarbankann um að skuldbreyta tveimur lánum hjá bankanum úr evrum á breytilegum vöxtum yfir í Bandaríkjadali á föstum vöxtum. Lánin voru annars vegar tekin 2004 með gjalddaga 2019 og hins vegar 2006 með gjalddaga 2028.**

**Í frétt frá fyrirtækinu segir að ávinningur Landsvirkjunar með skuldbreytingunni sé tvíþættur. Annars vegar er dregið úr fjárhagslegri áhættu vegna mögulegra breytinga á gengi evru gagnvart starfsrækslugjaldmynt félagsins, Bandaríkjadal. Hins vegar er hlutfall breytilegra vaxta í lánasafninu lækkað og dregið úr vaxtaáhættu félagsins.** - shá




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Fí dag og næstu daga verða litlar breytingar á veðrinu. Vindur verður fremur hægur og vindáttir breytilegar. Í dag gengur úrkomusvæði yfir landið og búast má við smá vætu í flestum landshlutum en léttir til á morgun.



Á MORGUN Víða hægur vindur.

FÖSTUDAGUR Hæg A-læg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 16° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 19° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 20° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



Sumardagar
SPARIÐ
16.960
BORÐ + 4 STÓLAR
FSC
VERMONT BORÐ OG
4 VERONA STILLANLEGIR STÓLAR
Glæsilegt borð með harðviðarplötu og álgrind. Stærð á borði: B90 x L150 sm.
Borð 24.990 Stóll 12.990
BORÐ + 4 STÓLAR
59.990
Jutlandia
Harðviður
VALITOR KORTALÁN
VISA
FRÁBÆRT VERÐ!
PORTO BORÐ OG
2 SALERNO STÓLAR
Flott garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm.
BORÐ + 2 STÓLAR
6.995
BORÐ + 2 STÓLAR
25% AFSLÁTTUR
LAHTI SUMARSÆNGUR
Léttar og þægilegar sumarsængur í fallegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn eða sem gestasængur!
Stærð: 135 x 200 sm.
2 STK.
2 STK. FULLT VERÐ: 3.990
2.995
RAPHAEL SÓLSTÓLL
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga.
Fæst í gráum og grænum lit.
FULLT VERÐ: 9.995
5.890
40% AFSLÁTTUR
SHEFFIELD SESSUR
Fyrir stól eða bekk. Margir litir og munstur. Stærð: 34 x 36 sm. 2,5 sm. þykk. 1 stk. 299 nú 149
1 STK. ÁÐUR: 299
149
50% AFSLÁTTUR
SUN GARDEN
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

KJÖRKASSINN



*Er 1. maí – baráttudagur verkalýðsins – hátíðisdagur í þínum huga?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,8% |
| NEI | 40,2% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ert þú búinn að vígja grillið þetta sumarið?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Jón Ásgeir segir niðurstöðu dómkvaddra matsmanna meingallaða:

# Fara fram á yfirmat í Aurum-málinu

**DÓMSMÁL** Sexmenningarnir, sem stefnt er í svokölluðu Aurum-máli slitastjórnar Glitnis, vísa á bug verðmati dómkvaddra matsmanna, sem hljóðar upp á núll til 929 milljónir króna, samanborið við þá sex milljarða sem Glitnir lánaði fyrir kaupum á hlut Fons í félaginu Aurum Holding.

„Matið er svo gallað að við munum fara fram á yfirmat, til dæmis er ekkert tillit tekið til eiginfjár og birgða upp á átta milljarða í matinu,“ segir í orðsendingu sem Jón Ásgeir Jóhannesson, einn hinna stefndu, sendi Fréttablaðinu í tilefni forsíðufréttar blaðsins í gær.

Í fréttinni sagði frá matsgerð Gylfa Magnússonar og Bjarna Frímanns Karlssonar á virði rúmlega fjórðungshlutar Fons í Aurum Holding, sem skaðabótamál slitastjórnarinnar snýst um. Niðurstaða þess er að miðað við matsgildi matsmanna hafi þrettánfalt matsverð verið greitt fyrir hlutinn með láni frá Glitni, sem lítið mun fást upp í.

Jón Ásgeir bendir enn fremur á að fyrir liggi verðmat frá Capacent á hlutnum sem sé algjörlega á skjön við mat Gylfa og Bjarna Frímanns. Stefndu í málinu hafa enn fremur vísað til þess að á þessum tíma hafi legið fyrir óskuldbindandi kauptilboð í hlutinn frá fyrirtækinu Damas Jewellery í Dubai upp á sex milljarða króna. **- sh**



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Kalt á milli BNA og Pakistan:

## Ár frá morðinu á bin Laden

**PAKISTAN** Eitt ár var í gær liðið frá því að Osama bin Laden var drepinn af bandarískum sérsveitarmönnum í Pakistan. Mörgum kom á óvart að bin Laden hefði alls ekki verið í felum í helli, heldur búið í veglegu stórhýsi.

Bandaríkjamenn óskuðu því eftir svörum um hvort yfirvöld í Pakistan hefðu haldið hlífiskildi yfir bin Laden. CBS fréttastofan segir að enn hafi engin svör borist, og að þessi skortur á svörum hafi í raun eitrað samskipti yfirvalda landanna tveggja.



**TF-LIF** Eftir þrjá og hálfan mánuð eru aftur þrjár þyrlur til taks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TF-LIF komin heim úr skoðun:

## Aftur þrjár þyrlur til taks

**ÖRYGGISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, kom til Reykjavíkur eftir hádegi í gær eftir að hafa verið frá miðjum janúar í skoðun í Noregi. Með komu TF-LIF til landsins er Landhelgisgæslan á ný með þrjár þyrlur til taks.

Skoðunin kallast G-skoðun og tóku starfsmenn flugtæknideildar Landhelgisgæslunnar þátt í verkinu. G-skoðun fer að jafnaði fram á 12 ára fresti eða eftir 7.500 flugtíma. Skoðunin er sú umfangsmesta sem þyrlur sem þessar fara í gegnum. Þyrlan var öll tekin í sundur, skrokkur hennar og fylgihlutir skoðaðir af nákvæmni og viðgerðir með tilliti til sprungumyndana og tæringar. **- shá**

22 ára sviptur ökuréttindum:

## Á ofsahraða á Sæbrautinni

**LÖGREGLUMÁL Tuttugu og tveggja ára gamall ökumaður var stöðvaður við akstur bifreiðar á Sæbraut um klukkan tíu í fyrrakvöld.**

**Bifreið hans mældist á 147 kílómetra hraða á klukkustund en á Sæbrautinni er hámarkshraði 60 kílómetrar á klukkustund. Ökumaðurinn var því á rúmlega tvöföldum hámarkshraða.**

**Hann var sviptur ökuréttindum sínum vegna ofsaakstursins og bíður nú ákæru og dóms vegna málsins.**

# Eldgosin tvö höfðu töluverð áhrif á fisk

**Rannsóknir Veiðimálastofnunar sýna að gosin í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum höfðu töluverð áhrif á silung og lax. Áhrifanna mun gæta áfram um ókomin ár enda mikið magn ösku sem enn á eftir að skola niður í ár á Suðurlandi.**

**LÍFFRÆÐI** Eldgosin í Eyjafjallajökli 2010 og í Grímsvötnum 2011 höfðu allnokkur áhrif á fisk í ám og vötnum í nágrenni eldstöðvanna. Öskuframburður í ár mun halda áfram um langt skeið enda gríðarlegt magn ösku enn víða að finna sem berast mun í árnar. Framburðurinn mun því áfram hafa áhrif á fiskgengd og framleiðslu fisks í ánum.

Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Magnúsar Jóhannssonar, sviðsstjóra hjá Veiðimálastofnun, á ársfundi stofnunarinnar á fimmtudag. Erindið fjallaði um rannsóknir Magnúsar og kollega hans Benónýs Jónssonar á áhrifum eldgosanna á vatnalífríki í nágrenni eldstöðvanna.

Þekktasta dæmið um áhrif á veiðiá er líklega Skógá, en eftir Eyjafjallagosið var veiði í ánni nær ómöguleg á löngum tímabilum enda var hún mjög skoluð og lax komst ekki upp í ána vegna öskuburðar. Veiðitölur sýna þetta glöggt en í ánni veiddust rúmlega hundrað laxar um sumarið 2010, en meðalveiði árinnar var um 950 laxar fyrir gos. Við rannsóknir haustið 2011 fundust nær engin laxaseiði í Skógá, sem bendir til þess að hrygning hafi misfarist með öllu eða að seiðin hafi einfaldlega drepist í ánni. Veiði í ánni sumarið 2011 var aðeins 45 laxar, samkvæmt tölum Landssambands veiðifélaga.

Magnús sagði að viðbrögð Veiðimálastofnunar vegna gosanna hafi verið að safna upplýsingum um fiskdauða. Síðar voru gerðar vettvangsrannsóknir; bæði efna- og seiðarannsóknir. Ár undir Eyjafjöllum og í Fljótshlíð voru skoðaðar sérstaklega árið 2010 og í Fljótshverfi, á Síðu og Landbroti eftir Grímsvatnagosið. Fylgst var með fiskgengd og veiði í ánum. Sýrustig og leiðni í vatni voru rannsökuð til að nema efnastyrk í vatninu.

Magnús sagði að áhrif virtust vera bundin við nágrenni eldstöðvanna, en áhrif voru mismikil milli einstakra vatnakerfa. Seiðaþéttleiki var greinilega annar í ám á áhrifasvæði gosanna en í samanburðarám. Best var hægt að gera sér grein fyrir áhrifum gosanna í ám þar sem seiðabúskapur var vaktaður fyrir.

Í byrjun erindis sagði Magnús að ekkert viðbótarfjármagn hefði fengist til rannsóknanna, en þær náðu til fjölmargra vatnsfalla á stóru svæði. Það má skoðast í því ljósi að mikil þörf er á framhaldsrannsóknum, að mati Magnúsar.

svavar@frettabladid.is



**EÐJUFLÓÐ** Svaðbælisá varð einna verst úti en lífríki margra áa spilltist meira eða minna eftir eldgosið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Áhrif eldgosa vel þekkt í sögunni

Áhrif eldsumbrota á fisk í ám og vötnum eru löngu þekkt á Íslandi. Í Heklugosinu 1693 varð mikill fiskdauði sem fylgdi öskufalli, eins í Heklugosunum 1845, 1947 og 1980. Í kjölfar Kötlugossins 1918 varð veiðihrun í Veiðivötnum vegna öskuburðar.

Hvetja til hófs í eggjatínslu:

## Egg hreinsuð úr hreiðrum

**NÁTTÚRA Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) segja í aðalfundarályktun að ásókn í fuglaegg á Austurlandi aukist og svo hart sé gengið fram að hreiður séu hreinsuð af eggjum.**

**NAUST minnir á að gæta hófs og á þá fornu hefð að skilja ávallt eftir egg í hreiðri.**

**„Hófleg nýting hefur ekki áhrif á fuglastofna en þar sem öll egg eru hreinsuð úr hreiðrum hefur það umtalsverð áhrif og getur jafnvel fælt fugla frá því að verpa aftur á viðkomandi slóðum. NAUST skorar á þá sem til þekkja að uppfræða eggjatínslufólk um alvarleika þess að hreinsa hreiður alfarið,“ segir í ályktun. - shá**

Marine Le Pen skilar auðu:

## Áfall fyrir Nicolas Sarkozy

**FRAKKLAND** Marine Le Pen, leiðtogi frönsku Þjóðfylkingarinnar, ætlar hvorki að styðja Nicolas Sarkozy forseta né sósíalistann Francoise Holland í seinni umferð frönsku forsetakosninganna sem fram fer á sunnudag.



MARINE LE PEN

Hún segist ætla að skila auðu og hvatti stuðningsmenn Þjóðfylkingarinnar til að kjósa eftir eigin sannfæringu.

Stjórnmálaskýrendur höfðu búist við þessu en ákvörðun Le Pen er talin vera áfall fyrir Sarkozy sem vonast til að verða endurkjörinn.

Hann þarf meirihluta atkvæða þeirra 6,4 milljóna sem kusu Þjóðfylkinguna í fyrri umferð kosninganna. **- kh**




# BAUHAUS®

RISA

Allt fyrir hús, heimili og garða

# OPNUNARHÁTÍÐ Á ÍSLANDI

## LAUGARDAGINN 5. MAÍ FRÁ KL. 8:00 - 22:00

Morgunkaffi og rúnstykki kl. 07:00. Happdrættið hefst kl. 07:00

TAKTU ÞÁTT Í HAPPDRÆTTINU ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFAKORT AÐ VERÐMÆTI

**100.000.-**




Við bjóðum alla morgunhressa viðskiptavini velkomna til að vera viðstaddir opnun BAUHAUS í Reykjavík þann 5. maj 2012 kl. 8:00. Til að bjóða fyrstu viðskiptavinina velkomna þá munum við strax klukkan 7:00 byrja að dreifa happdrættismiðum þar sem vinningarnir eru

**10 gjafakort upp á 100.000.-**

Dregið verður um þessa 10 vinninga á bílaplaninu kl. 7:50 Fyrir þá sem ekki hljóta vinning í fyrsta útdrætti munum við draga aftur úr sama happdrættispotti kl. 10:00 við þjónustuborðið. Í vinning eru:

**10 gjafakort upp á 50.000.-**

Dreifingu happdrættismiða verður hætt kl. 7:50

Dregið verður um þessa 10 vinninga við Þjónustuborðið í vöruhúsinu kl. 10:00

## BETRI VERÐVERND BÝÐST EKKI

### VIÐ TRYGGJUM ÞÉR LÆGSTA VERÐIÐ

**VERÐVERND 12%**

Það er markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægstu verðin á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og virkni.
Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að verðin okkar eru ekki nógu lág, lækkum við þau enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði annars staðar endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.




**Fyrsti vörubæklingur okkar er nú á leiðinni heim til þín. skoðaðu www.bauhaus.is frá 3. maí.**

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvað hefur Of Monsters and Men selt mörg eintök af plötu sinni?*

*2. Hver skoraði sigurmark Man. City gegn Man. Utd.?*

*3. Hver er forstöðumaður íþróttavalla í Kópavogsbæ?*

**SVÖR**

*1. Um 100 þúsund eintök. 2. Vincent Kompany. 3. Ómar Stefánsson*

Uppbygging í Eyjum:

## Kraftur settur í að klára safnið

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vestmannaeyjabær hyggst í sumar leggja í miklar framkvæmdir við Eldheima, sem er gosminjasafn þar sem verið er að grafa ofan af húsum sem grófust undir vikur í eldgosinu í Eyjum árið 1973.

Fyrirhugað er að grafa upp og byggja yfir rústir íbúðarhússins við Gerðisbraut 10 sem síðan verður þungamiðja safnsins. Byggingunni er ætlað að gefa sýningargestum kost á því að upplifa gosið og sögu þess. Byggingin verður á tveimur hæðum og gólfflöturinn um 1.200 fermetrar á tveimur hæðum.

Eldheimar eru ein af meginstoðum menningarmála í Eyjum en Sagnheimar hýsa sögusýningu eyjanna og Sæheimar verður umgjörð um nýtt og glæsilegt fiskasafn. - shá

# Risastór samningur við fyrirtæki í Kína

**Hátæknifyrirtækið Marel hefur náð samningum við kínverskan fiskframleiðanda um kaup á flæðilínu fyrir hvítfisk. Viðskiptin eru byggð á samstarfi við tvö önnur íslensk fyrirtæki. Virði samningsins er á bilinu 1,1 til 2,2 milljarðar.**

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Marel gekk nýlega frá sölu fyrirtækisins í fiskiðnaði með samningum við fiskframleiðanda í norðausturhluta Kína. Um er að ræða nýja flæðilínu fyrir hvítfisk sem verður sérstaklega sniðin að þörfum kínverskra fiskframleiðenda.

Fjárhæð samningsins og nafn kínverska fyrirtækisins hefur ekki verið gefið upp en samningurinn samsvarar 1-2% af ársveltu Marel. Ef velta fyrirtækisins árið 2011 er höfð til hliðsjónar, um 700 milljónir evra, er samningurinn 1,1 til 2,2 milljarða króna virði. Flæðilínan er meðal þess hátæknibúnaðar sem Marel sýndi á sjávarútvegssýningunni í Brussel í síðustu viku.

Stella Björg Kristinsdóttir, markaðsstjóri Marel fyrir fiskiðnað, segir að aðeins sex mánuðir séu liðnir frá því að svipað kerfi var selt til kínversks framleiðanda og það sé til marks um að Marel hafi tekist að þróa vöru sem hentar kínverskum fyrirtækjum, en markaður tengdur fiskiðnaði í landinu er risavaxinn. Fyrr, eða árið 2006, seldi Marel kínverska matvælaframleiðslufyrirtækinu Pacific Andes upplýsingakerfi fyrir risaverksmiðju í Qingdaohéraði þar sem 13 þúsund manns starfa. Í héraðinu hefur Marel jafnframt byggt upp fiskiðnaðarsetur sem á heiðurinn að samningnum nú. Setrið mun gegna lykilhlutverki við uppbygginguna á starfsemi Marel í Kína þar sem miklu skiptir að viðskiptavinir hafi aðgang að þjónustu nálægt sínu starfssvæði.

„Í Kína byggjast viðskipti ekki síst á orðstír og það er erfitt að fá aðgang að þessum viðskiptavinum. Við höfum á undanförnum árum unnið að því að byggja upp nafn fyrirtækisins sem er að skila árangri,“ segir Stella Björg en aðalskrifstofa fyrirtækisins er í Peking. Hún segir jafnframt að aðstæður á vinnumarkaði og hækkandi framleiðslukostnaður í Kína hafi skapað aukna þörf fyrir sjálfvirkni í verksmiðjum þar í landi.

Auk Marels komu íslensku fyrirtækin 3X Technology og Skaginn að því að gera verkefnið að veruleika og landa stærsta einstaka samningnum sem fyrirtækið hefur gert í fiskiðnaði. „Við fengum í lið með okkur tvö íslensk fyrirtæki sem koma inn með sína sérþekkingu. Þetta er því stórt samvinnuverkefni og afar ánægjulegt að fleiri fyrirtæki komist að í svona viðskiptum.“ svavar@frettabladid.is




**TÆKNI FRÁ MAREL** Samningurinn nú er sá þriðji sem fyrirtækið hefur náð á undanförnum árum en möguleikarnir eru gríðarlegir í þessu fjölmenna landi. MYND/MAREL

Aldrei fleiri leikskólabörn:

## Færra starfsfólk en fleiri börn

**MENNTUN Rúmlega nítján þúsund börn voru í leikskóla hér á landi í desember og hafa þau aldrei verið fleiri. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands. Leikskólabörnum fjölgaði um 198 milli ára, eða eitt prósent.**

**Starfsfólki í leikskólum fjölgaði um hálft prósent á þessu tímabili og í desember í fyrra störfuðu 5.515 manns við þá. Sé litið til lengra tímabils hefur leikskólabörnum landsins fjölgað um 443 frá því í desember 2009 en á sama tímabili fækkaði starfsfólki um 124.**

**Leikskólum fækkaði um tólf milli áranna 2010 og 2011 og voru í desember 265 starfandi leikskólar á landinu.**

**Fækkunina má rekja til sameininga á leikskólum í Reykjavík. Um 82 prósent barna á aldrinum eins til fimm ára sækja leikskóla, sem er sama hlutfall og áður.** - þeb

**12** er fækkun leikskóla á milli áranna 2010 og 2011.

**Körlum fjölgar**

Körlum, sem vinna við uppeldi og menntun leikskólabarna, hefur fjölgað um rúm 28 prósent frá því í desember 2009. Þá voru þeir 197 en í desember 2011 voru þeir orðnir 253 talsins. Konum í sömu störfum fækkaði hins vegar um rúm þrjú prósent á sama tíma, eða um 154.

Láttu hjartað ráða




„Ítalska ólífuolían mín er heilnæm og gerir líkamanum einstaklega gott, jafnt útvortis sem innvortis.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lífrænt.is

HIMNESKT

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR



**DUCALE** Glerhörð, kámfrí áferð

Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

**til afgreiðslu af lager**



**DUCALE**

Ljós eik - innfelld handföng



**LINE** Glerhörð, kámfrí áferð

Hvítt lakkað háglans, höldulaus



**COUNTRY** Glerhörð, kámfrí áferð

Fulningur - hvítt lakkað, háglans

## AUKAHLUTIR í okkar eldhúsinnréttingar



Búr - útdraganlegt **34.900**



**44.900**

Hálfmáni - útdraganlegt



**39.900**

Töfrahorn - hornskápur

## ÞVOTTAHÚS innréttingar

Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð



Allt að 40% afsláttur

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 9–18 • laugardaga kl. 11–15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Stjórnvöld gagnrýnd fyrir atvinnustefnu

**Forseti ASÍ átelur stjórnvöld harðlega fyrir linku í atvinnumálum og útþynnta Rammaáætlun. Formaður BSRB gagnrýnir niðurskurð hjá hinu opinbera á landsbyggðinni.**

Atvinnuleysi og skuldastaða heimilanna var forystumönnum launþega ofarlega í huga á baráttudegi verkalýðsins í gær. Kallað var eftir aðgerðum frá stjórnvöldum í þágu atvinnuuppbyggingar og fólk var misgagnrýnið.

### Gamaldags viðhorf stjórnvalda

Í 1. maí-ávarpi Gylfa Arnbjörnssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, er fast skotið á ríkisstjórnina. Gylfi segir að ASÍ hafi frá bankahruni lagt til ýmsar leiðir til að halda uppi atvinnustigi í landinu.

„Ein var að fá lífeyrissjóði til að fjármagna samfélagslega mikilvægar og hagkvæmar framkvæmdir þar sem litið yrði til óhefðbundinna fjármögnunarleiða sem ekki myndu íþyngja ríkissjóði. Það voru mikil vonbrigði að stjórnarflokkarnir skyldu nálgast hugmyndir um einkaframkvæmdir með gamaldags viðhorfum,“ segir Gylfi. Þess vegna hafi mun minna orðið úr framkvæmdum, til dæmis í vega- og jarðgangagerð, en vonir hafi staðið til.

Þá segir hann tillögu stjórnarflokkanna að Rammaáætlun sama marki brennda. Hún sé forsenda fyrir því að hægt sé að gera áætlanir um uppbyggingu orkufrekrar en umhverfisvænnar atvinnustarfsemi. „Eftir að mikil og góð vinna hafði verið lögð í verkið var dapurlegt að sjá málið þynnast út í bakherbergjum stjórnarflokkanna með niðurstöðu sem er ekki í samræmi við þá faglegu vinnu sem áður hafði verið unnin.“

Gylfi gagnrýnir enn fremur hvað bankarnir hafa verið lengi að endurskipuleggja skuldir heimila og fyrirtækja. Vegna þessa glími Íslendingar enn við sama vandann í atvinnumálum og frá því skömmu eftir hrun. Til marks um það hafi engin fjölgun orðið á störfum frá fyrsta ársfjórðungi 2009 til fyrsta ársfjórðungs 2012.



**MISMIKIL ÓÁNÆGJA** Stjórnvöld voru gagnrýnd nokkuð harðlega fyrir stefnu sína í atvinnumálum og skort á úrlausnum á skuldastöðu heimilanna. Sumir töldu þó ástæðu til bjartsýni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Heimilin urðu útundan

Þuríður Einarsdóttir, formaður Póstmannafélags Íslands, flutti ræðu á Ingólfstorgi í gær og sagði að ekki væri hægt að vega meira að velferðarkerfi landsins en þegar hefði verið gert. „Afleiðingar þess myndu valda óbætanlegum skaða á lífskjörum landsmanna.“ Þá sagði hún öllum ljóst að við endurskipulagningu samfélagsins í kjölfar hrunsins hefðu heimilin orðið út undan.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, tók í sama streng og Þuríður á hátíðarhöldunum á Húsavík. Öflugt velferðarkerfi væri undirstaða samfélagsins en forsenda þess væri að atvinnulífinu væru búin nægilega góð skilyrði.

Elín Björg gagnrýndi niðurskurð hjá opinberum stofnunum á landsbyggðinni. „Með því að leggja heilbrigðisstofnanir í minni byggðarlögum af er ekki aðeins verið að fækka störfum á þeim stöðum heldur einnig skerða lífsgæði þeirra sem þar búa,“ sagði hún. „Fjölbreytt atvinnulíf verður að eiga sér stað á landinu öllu til þess að lífvænlegt sé í öllum byggðum landsins og á landinu yfir höfuð.“ Elín Björg sagði það þó engu að síður trú sína að bjartari tímar væru framundan á Íslandi.

stigur@frettabladid.is


„Að nota Aukakrónur er eiginlega eins einfalt og það getur verið“

**Næstum 30 þúsund manns** nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til trygginga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.

Mánudagur



Þriðjudagur » 66° Norður



Fimmtudagur » GS Skór





**HERJÓLFUR** Tveggja ára rekstur ferjunnar er tryggður og óvissu starfsfólksins verið eytt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eimskip rekur Herjólf:

# Starfsfólkið allt aftur til vinnu

**SAMGÖNGUR** Áhöfn Herjólfs og starfsfólk í afgreiðslum hefur verið endurráðið eftir að Eimskip tryggði sér áframhaldandi rekstur ferjunnar. Þetta kemur fram á fréttavefnum eyjar.net.

Eimskip hefur rekið Herjólf fyrir Vegagerðina síðustu ár. Fyrirtækið átti lægsta tilboð í útboði á rekstrinum í seinna útboði hans og fær greidda 681 milljón frá ríkinu fyrir tveggja ára rekstur og fær möguleika á framlengingu fram á haust 2015 ef ekki verður komið nýtt skip til skjalanna. - shá

Ástralskur auðkýfingur hyggst byggja nútímalega endurgerð hins fræga Titanic:

# Nýtt Titanic siglir árið 2016

**CANBERRA, AP** Ástralski auðkýfingurinn Clive Palmer tilkynnti í byrjun vikunnar að hann hygðist láta byggja nútímalega endurgerð skipsins þekkta Titanic sem sökk í jómfrúarferð sinni fyrir 100 árum.

Palmer hefur þegar skrifað undir viljayfirlýsingu um framkvæmdina við kínverska skipasmíðastöð og er ráðgert að skipið verði sjósett í lok árs 2016. Þá er stefnt að því að jómfrúarferð skipsins verði sú sama og jómfrúarferð hins upprunalega Titanic; frá Southampton á Englandi til New York í Bandaríkjunum.



**CLIVE PALMER**

„Skipið verður búið öllum helstu þægindum og alveg jafníburðarmikið og hið upprunalega Titanic. Þá verður það mjög tæknivætt og búið þróaðasta leiðsagnarkerfi sem völ er á," sagði Palmer í yfirlýsingu sem hann hefur sent frá sér vegna verkefnisins. Þá segir hann að útlit skipsins verði að flestu leyti eins og útlit fyrirmyndarinnar en það verði þó byggt á nútímalegan hátt.

Þann 15. apríl síðastliðinn voru liðin 100 ár frá því að hið upprunalega Titanic sökk í Norður-Atlantshaf sunnan við Nýfundnaland. Rúmlega 1.500 manns létust en skipið sökk í kjölfar áreksturs við ísjaka.

Palmer er einn auðugasti maður Ástralía en hann er umsvifamikill í ferðaþjónustu, fasteignum og námuvinnslu þar í landi. - mþl



**VATNSSPEGLAR** Þessir ferðamenn skemmtu sér vel í spegilverkinu „Miroir des Quais" í Bordeuax. Verkið er gert úr þunnu lagi úr vatnsdropum sem gefur verkinu einhvers konar spegiláferð. Verkið er 3.500 fermetrar að stærð. NORDICPHOTOS/AFP



**STARFANDI** Alls 78,8 prósent landsmanna eru þátttakendur á vinnumarkaði. Í þeim hópi eru 92,8 prósent með atvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hagstofan birtir umfjöllun um stöðu mála á vinnumarkaði á fyrsta ársfjórðungi:

# Atvinnuþátttaka dróst lítillega saman

**VINNUMARKAÐUR** Á fyrsta ársfjórðungi ársins voru að jafnaði 176.200 manns á vinnumarkaði og fjölgaði um 300 einstaklinga frá sama tímabili í fyrra. Jafngildir þetta 78,8 prósent atvinnuþátttöku en hún var 79,2 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2011. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri umfjöllun Hagstofunnar um stöðu mála á vinnumarkaði á fyrsta ársfjórðungi ársins.

Þeir sem teljast þátttakendur á vinnumarkaði eru annars vegar starfandi og hins vegar atvinnulausir í starfsleit. Utan við þann hóp standa atvinnulausir sem hafa hætt leit að vinnu og námsmenn. Atvinnuþátttaka karla var 82,1 prósent á fyrsta ársfjórðungi en kvenna 75,4 prósent.

Að meðaltali voru 7,2 prósent þátttakenda á vinnumarkaði atvinnulausir á fyrsta ársfjórðungi ársins. Fækkaði atvinnulausum um 1.000 á milli ára. Atvinnuleysi meðal karla er 7,8 prósent en 6,5 prósent meðal kvenna.

Alls 2.800 manns eða 1,6 prósent þátttakenda á vinnumarkaði höfðu verið atvinnulaus í tólf mánuði eða lengur á fyrsta ársfjórðungi. Er sá hópur skilgreindur sem langtímaatvinnulaus. Hefur einnig fækkað í honum um 1.000 milli ára. - mþl

Mánudagur



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Laugardagur



Aukakrónur

Það er auðvelt að safna.
Þú færð Aukakrónur fyrir:

» alla innlenda veltu af kreditkorti
» viðskipti við samstarfsaðila
» þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Miðvikudagur



## Í MYNDUM: Kröfuganga á baráttudegi verkalýðsins



**BLÁSIÐ Í LÚÐRA** Lúðrasveit verkalýðsins fór fyrir kröfugöngunni og lék baráttulög.



**ÍBYGGIN** Fólk á öllum aldri fylgdist grannt með ræðuhöldunum á Ingólfstorgi.

# Hundruð kröfðust réttlátara þjóðfélags

**Fjöldi fólks gekk venju samkvæmt fylktu liði niður Laugaveginn í gær í tilefni alþjóðlegs baráttudags verkalýðsins, hlýddi á ræður og kyrjaði baráttusöngva. *Daníel Rúnarsson* festi á filmu það sem fyrir augu bar.**



**TRUMBUSLÁTTUR** Fánar fjölda stéttarfélaga blöktu á Laugaveginum í gær.



**Í FULLUM SKRÚÐA** Félagar í Lúðrasveit verkalýðsins tóku sig að vanda vel út í gulgrænum einkennisfatnaðinum.




**SKÝR KRAFA** Skilaboðin á þessu skilti voru einföld: Völdin til fólksins.



**STÓR DAGUR** Kröfugangan gekk snurðulaust fyrir sig og lögregluna munaði ekki um að leyfa þessum snáða að upplifa langþráðan draum, að sitja fullbúið lögreglumótorhjól.






# Electrolux

**EWP-106200 Þvottavél**
Ný vönduð þvottavél frá Electrolux í A+ orkuflokki. Tekur allt að 6 kg af taui.
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og **handþvottakerfi** og teppakerfi
- **Seinkun** á gangsetningu 3/6/9 klst. Ofnæmisskolun möguleg
- **A+/A einkunn** fyrir orkunýtni & þvottagæði
- Fullt verð kr **89.900.-**

KYNNINGARVERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 20.000




# Electrolux

**ESF-63012 Uppþvottavél**
Vönduð uppþvottavél með **5 þvottakerfum** og góðri innréttingu
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- Framstillt ræsing möguleg
- Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Án topplötu
- Fullt verð kr. **99.900**

KYNNINGARVERÐ KR.
**69.900**
SPARAÐU 30.000

# exquisit

**KGC-240/70 Kæli- og frystiskápur**
Hvítur kæliskápur með góðum þriggja skúffu frysti
- 122 lítra kælir og 68 lítra frystir
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD 143 x 55 x 58 cm
- Fullt verð kr **69.900**




GÁMASALA KR.
**89.900**
SPARAÐU 30.000




GÁMASALA KR.
**59.900**
SPARAÐU 10.000

# Electrolux

**ERB-34233W Kæli- og frystiskápur**
Stór og góður kæliskápur með FreshZone kælihólfi. Orkuflokkur A+.
- 4 stórar skúffur
- Hraðfrysting og sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD 175 x 59,5 x 62 cm
- Fullt verð kr **119.900**

# exquisit

**GS-111 Frystiskápur**
64 lítra frystiskápur í borðhæð með 3 skúffum.Orkuflokkur A+.
Verð áður kr. **54.900**

GÁMASALA KR.
**39.900**
SPARAÐU 15.000



KYNNINGARVERÐ KR.
**49.900**
SPARAÐU 10.000




# exquisit

**GT-191 Frystikista**
150 lítra frystikista í A+ orkuflokki. Breidd 68,5 cm
Fullt verð kr. **59.900**



GÁMASALA KR.
**29.900**
SPARAÐU 20.000

# exquisit

**COOL-50 Kæliskápur**
Nettur kæliskápur í borðhæð með litlu ísshólfi.
Fullt verð kr. **49.900**




KYNNINGARVERÐ KR.
**19.990**
SPARAÐU 5.000

# AEG

**AJM-6820 JetMaxx Ryksuga**
**Kraftmikil** ryksuga með **HEPA** H12 óragnasíu og 2000W mótor
- Lengjanlegt rör
- Sogafl 340W - mótorafl 2000W
- Parkethaus fylgir
- Góður vinnuradíus
- **S-bag** örtrefjapoki 2,5 lítra
- **Jetmaxx** pokakarfa tryggir betra loftflæði
- Fullt verð kr. **24.990**



# exquisit

**MW-717 Örbylgjuofn**
700W örbylgjuofn með snúningsdiski. Affrysting og 30 mín. klukka

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**11.990**
GÁMASALA!




# AEG

**BE-3002420M ofn**
Glænýr ofn með **XXL 74 lítra ofni**, 30% stærri en hefðbundnir ofnar, sömu utanmál og áður.
- **Tölvuklukka** + kjöthitamælir
- Pizzakerfi og **heitur blástur** + stórt grill
- IsoFront kæld ofnhurð með fjórföldu gleri
- Innfellanlegir stjórnhnappar
- Fullt verð kr **139.900**

KYNNINGARVERÐ KR.
**99.900**
SPARAÐU 40.000



KYNNINGARVERÐ KR.
**89.900**
SPARAÐU 25.000

# AEG

**HK-634020XB Keramik helluborð**
Glæsilegt keramik helluborð með XXL hellu.
- 4 hellur þ.á.m. ein prefölð stækkanleg
- Snertitakkar, klukka & barnalæsing
- Fullt verð kr **114.900**

# BOSCH

**MUM-4655EU Hrærivél megapakki**
**550W hrærivél** með stórum fylgihlutapakka m.a. **hakkavél**, blandari, grænmetisskeri og fylgihlutageymslu.
- Getur ráðið við allt að 2,7 kg af brauðdegi
- Lok með hveitirennu
- Deigkrókur, hrærari og þeytari
- 4 hraðastillingar
- Fullt verð kr **54.900**

KYNNINGARVERÐ KR.
**39.900**
SPARAÐU 15.000



# Rafha ehf

**Opið**
**virka daga 10-18**
**Laugardaga 11-16**

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

Tilboðin gilda t.o.m. 28. maí eða meðan birgðir endast

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á að beita skattkerfinu til tekjujöfnunar?

## Jöfnuður og jákvæðir hvatar

Athyglisverð úttekt Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands á áhrifum kreppunnar á afkomu einstakra tekjuhópa sýnir að stjórnvöld hafa náð því markmiði sínu að verja lífskjör þeirra tekjulægstu. Á árunum 2008 til 2010 rýrnaði kaupmáttur fjölskyldutekna Íslendinga að meðaltali um 20%. Þau tíu prósent þjóðarinnar sem hafa lægstar tekjur urðu hins vegar fyrir 9% kjaraskerðingu og hópar um miðbik tekjustigans um 14%. Tíundi hlutinn með hæstu tekjurnar hefur hins vegar orðið fyrir 38% kjararýrnun.


SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is


Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra þakkar stjórnvöldum þessa niðurstöðu í grein í Fréttablaðinu í gær og fyrir liggur að aðgerðir þeirra hafa haft veruleg áhrif á hana. Tekið var upp þrepaskipt skattkerfi, þar sem skattbyrði þeirra lægst launuðu var lækkuð, en skattar hækka verulega með hækkandi tekjum. Þá hafa ýmiss konar bætur almannatrygginga verið hækkaðar, eins og fram kemur í skýrslunni.

Án efa voru þetta réttlætanlegar aðgerðir til að milda höggið af hruni krónunnar og öðrum kjaraskerðingum á þá tekjulægstu. Það er líka rétt, sem bent er á í skýrslu Þjóðmálastofnunar, að ójöfnuður í íslenzku samfélagi á árunum fyrir hrun var orðinn óheilbrigður.

Til lengri tíma litið felast hins vegar ýmsar hættur í því að beita skattkerfinu til að jafna tekjur fólks. Ein er sú að samspil skatt- og bótakerfis hafi í för með sér að til dæmis ungt fjölskyldufólk lendi í gildru jaðarskatta; það er, að þegar tekjurnar aukast um tiltölulega fáar krónur skríði fólk yfir mörk, sem hafa í för með sér að skattar hækka og bætur lækka, þannig að öll kjarabótin hverfur og jafnvel gott betur. Það er raunar annað úttektarefni að skoða áhrif breytinga á bóta- og skattkerfinu að þessu leyti.

Í öðru lagi dregur þrepaskipt skattkerfi almennt úr jákvæðum hvata fólks til að leggja harðar að sér til að hækka tekjur sínar. Eigin dugnaður á að ráða mestu um hversu gott fólk hefur það, fremur en að það sé ákveðið af þeim sem hanna skattkerfið. Lágtekjumaðurinn þarf að hafa hvata til að verða millitekjumaður og sá síðarnefndi til að verða hátekjumaður. Þær breytingar sem hafa verið gerðar hér á landi draga klárlega úr þessum hvata.

Í þriðja lagi vinnur skattpíning millistéttar- og hátekjufólks gegn þeirri viðleitni, sem forsætisráðherra nefndi sjálf í grein sinni, að efla skapandi greinar og auka erlenda fjárfestingu. Hátæknifyrirtæki berjast um hæft, vel launað starfsfólk við sambærileg fyrirtæki erlendis. Alþjóðleg fyrirtæki sem íhuga að fjárfesta hér horfa ekki eingöngu til þess skattaumhverfis sem þeim sjálfum er búið, heldur líka hvernig skattlagningu starfsfólksins er háttað. Telji fjárfestar og frumkvöðlar að skattaumhverfið sé fjandsamlegt, eru þeir líklegir til að staðsetja fyrirtækin annars staðar en á Íslandi.

Stjórnvöld tala mikið um gildi þess að beita skattkerfinu til tekjujöfnunar. Þau ættu líka að tala um hvernig auka megi möguleika og hvatningu íslenzkra launþega til að afla sér meiri tekna, sem til lengri tíma eykur auðvitað tekjur ríkissjóðs.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engin stefna

Framsóknarkonan Vigdís Hauksdóttir á oft góða spretti á þingi. Á dögunum lagði hún fram fína fyrirspurn til forsætisráðherra sem hljóðaði svona: „Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs á þessu kjörtímabili við flutning ráðuneyta, stofnana, nefnda og ráða í samræmi við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að flytja alla stjórnsýsluna í nágrenni við forsætisráðuneytið?" Svarið er ekki síðra. Það hefst svona: „Ríkisstjórn Íslands hefur ekki markað þá stefnu að öll stjórnsýslan skuli færð í nágrenni við forsætisráðuneytið."



### Kannast ekki við það

Strax í kjölfarið segir raunar að áherslu hafi verið lögð á það við breytingar á ráðuneytum að aðalskrifstofur þeirra séu nálægt svonefndum stjórnarráðsreit. Heilbrigðisráðuneytið hafi til dæmis flust þangað ásamt fastanefndum, en „forsætisráðuneytið kannast ekki við að aðrar stofnanir, nefndir og ráð hafi verið flutt í nágrenni við ráðuneytið." Áhugasömum til upplýsingar hafa tilfærslur ráðuneyta á þessu kjörtímabili kostað um kvartmilljarð. Svo má rífast um hvort það er mikið eða lítið.



### Botninum náð?

Andrea Ólafsdóttir bætti nýrri vídd í kosningabaráttuna um Bessastaði í gær þegar hún tilkynnti um framboð sitt og sagðist í leiðinni ekki myndu þiggja meira en lágmarkslaun fyrir starfið næði hún kjöri. Afganginn mundi hún gefa til góðgerðarmála. Nú verður spennandi að sjá hver dúkkar upp næstur og býður betur. Ólafur Ragnar Grímsson hefur reyndar þegar sagt að hans starf yrði í raun með öllu ólaunað, enda hafi hann þegar aflað sér svo mikilla eftirlaunaréttinda. Það verður erfitt að undirbjóða það.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Verkfræði – tækifæri til framtíðar


Menntamál



**Kristinn Andersen**
formaður Verkfræðingafélags Íslands


Verkfræði kemur víða við sögu í samfélagi nútímans. Flestir þekkja til starfa verkfræðinga við hönnun og gerð mannvirkja sem ber fyrir augu í byggð sem óbyggðum. Minna sýnileg, en ekki síður mikilvæg, eru fjölmörg önnur viðfangsefni verkfræðinga, í hönnun orkukerfa, fjarskiptakerfa, hátæknibúnaðar í heilbrigðisþjónustunni, margs konar iðnfyrirtækjum, og svo má lengi telja. Þegar við fljúgum milli landa eða ökum innan bæjar, drögum fram símann eða ræsum tölvuna, erum við að nýta búnað sem verkfræðingar hafa gegnt lykilhlutverki við hönnun á.

Greinum verkfræðinnar er sameiginlegt að þar eru hagnýt viðfangsefni leyst með þekkingu á raunvísindum og aðferðum stærðfræðinnar. Á undanförnum árum hefur verkfræðin verið í örri þróun og verkfræðingar takast á við æ fjölbreytilegri viðfangsefni. Nýjar verkfræðigreinar hafa rutt sér til rúms á sviði heilbrigðistækni, rekstrar og fjármála, hugbúnaðarþróunar og kerfislífræði, svo nokkur dæmi séu tekin. Efnahagsástand undanfarinna ára hefur í sumum greinum haft áhrif hérlendis á framkvæmdir, verkefni og atvinnumál verkfræðinga, eins og annarra. Við því hafa sumir brugðist með því að finna sér starfsvettvang erlendis, tímabundið eða til lengri tíma, og búa þar að því að störf verkfræðinga eru að miklu leyti óháð landamærum. Aðrir nýta þekkingu sína til að hasla sér völl með frumkvöðlastarfi og nýjum atvinnutækifærum.

Verkfræðingafélag Íslands fagnar á þessu ári aldarafmæli, en félagið var stofnað í Reykjavík af þrettán verkfræðingum og öðrum „verkfróðum mönnum", eins sagt er frá, þann 19. apríl árið 1912. Á þeim hundrað árum sem nú eru liðin frá stofnun félagsins hafa orðið stórstígar framfarir á öllum innviðum samfélagsins og aðbúnaði fólks. Á undanförnum áratugum hafa verkfræðingar átt þar drjúgan hlut í að leggja vegi um vegaleysur, beisla orku náttúrunnar, færa tækni atvinnulífsins til nútímahorfs og leggja með öðrum hætti grunn að þeim lífsgæðum sem við lifum við í dag.

Verkfræði er kennd við tvo háskóla hérlendis, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Full ástæða er til að hvetja ungt fólk til náms í tækni- og raunvísindagreinum, bæði stúlkur og pilta, þar sem atvinnutækifæri framtíðarinnar eru óþrjótandi, jafnt á erlendri grundu sem hérlendis.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Maður gegn málefni

Landsdómur

Sigurður Líndal
prófessor við Háskólann á Bifröst



Í greinarkorni eftir mig sem birtist í Fréttablaðinu 26. apríl sl. gagnrýndi ég íslenzka umræðumenningu fyrir það, hvernig rökum sé beitt gegn mönnum en ekki málefnum, enda er það gjarnan tekið sem dæmi um rökþrot. Daginn eftir fékk ég svo staðfestingu ummæla minna í grein eftir Þorvald Gylfason sem birtist í helgarblaði DV (27.-29. apríl). Þar ræðir hann sjálfstæði Hæstaréttar og Landsdóms og tilefnið er dómurinn yfir Geir Haarde og þá sérstaklega þau ummæli Geirs að dómurinn sé pólitískur.

Fyrst víkur hann máli sínu að sjálfstæði dómstóla og segir að fáheyrt sé í lýðræðisríkjum sem vilja rísa undir nafni að dómstólar sæti afskiptum eða árásum af hálfu stjórnmálamanna, hvorki þegar mál séu fyrir dómi né eftir að dómur sé fallinn. En því sé ekki að treysta lengur og til stuðnings tekur hann eftirfarandi tvö dæmi. Hann segir:

„Árið 1998 bar þó svo við, að Hæstiréttur úrskurðaði, að fiskveiðistjórnarkerfið bryti í bága við stjórnarskrána“ og þar átti hann við mál sem Valdimar Jóhannesson höfðaði gegn ríkinu. Síðan bætir hann við: „Oddvitar ríkisstjórnarinnar brugðust ókvæða við dóminum og réðust gegn réttinum, og lýsti forsætisráðherrann þeirri skoðun, að landið myndi tæmast af fólki fengi dómurinn að standa.“

**Og áfram var haldið:**

„Og viti menn: hálfu öðru ári síðar sneri Hæstiréttur við blaðinu, þegar svipað mál (Vatneyrarmálið) kom til kasta réttarins. Nú sá Hæstiréttur ekkert athugavert við þá mismunun sem bjó að baki fyrri dóminum 1998.“

Og niðurstaðan er þessi: „Hæstiréttur hafði verið barinn til hlýðni í augnsýn allrar þjóðarinnar.“ Vitnað er til tímaritsins Mannlífs sem aðalheimildar, nánar tiltekið „sem birtir samantekt um málið.“

Hér er rökum – reyndar órökstuddum fullyrðingum – beint gegn mönnum – dómendum – en ekki gegn röksemdum í dómunum – eða með öðrum orðum rökin beinast gegn manni en ekki málefni sem sýnir að höfundur er uppiskroppa með rök. Við könnun á forsendum dómanna hefði hann séð að málavextir voru ekki þeir sömu og það skýrir ólíkar niðurstöður.

Þá víkur hann að dómi Landsdóms og áðurnefndum viðbrögðum Geirs og er niðurstaða hans þessi: „Virðingarleysi gagnvart lögum og rétti virðist landlægt í Sjálfstæðisflokknum.“ Og því til stuðnings vitnar hann í fyrirsögn forystugreinar í Fréttablaðinu: „Fæddist lítil mús“. Ég vissi reyndar ekki að ritstjórar Fréttablaðsins væru sérstakir talsmenn Sjálfstæðisflokksins. Í framhaldi af því víkur hann að málflutningi „tveggja þjóðkunnra prófessora“ sem vitni „um sams konar virðingarleysi.“

Þessir „þjóðkunnu prófessorar“ eru Þráinn Eggertsson og sá sem þetta ritar. Heimildin er viðtal við Þráin sem birtist í Morgunblaðinu 20. apríl sl. og Þorvaldur fullyrðir að við segjum „fullum fetum að lögbrot geri lagabætur óþarfar.“ Nú stendur upp á Þorvald að finna þessum orðum stað í texta sem hann styður fullyrðingu sína við. Þá fyrst getur rökræða hafizt.

Síðan heldur hann áfram og segir að við viðurkennum ekki stjórnarskrárbrotið sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi látið til sín taka með bindandi áliti. Fyrst skal leiðrétt að álit nefndarinnar eru ekki bindandi. Þegar efni þess er metið kemur í ljós að hún reisir álit sitt á röngum forsendum með því að leggja til grundvallar að veiðireynsla 1980-83 hafi ráðið úthlutun aflaheimilda. Þá vitnar hún ranglega í lögin um stjórn fiskveiða þegar í áliti hennar stendur að „fiskimiðin“ í stað „nytjastofnarnir“ séu sameign þjóðarinnar. Loks byggir hún niðurstöðu sína á framangreindum lagatexta um sameign þjóðarinnar sem hefur enga merkingu í skilningi eignarréttar, en er þó í umræðum skilin þeim skilningi.

Loks segir hann: „Annar [væntanlega Þráinn Eggertsson] bætir við „… nær engin tengsl eru milli löghlýðni þjóða og lögbókanna sem þær nota. Menn fara sínu fram.“ Og útlegging Þorvalds á þessum texta, sem mér hefur reyndar ekki tekizt að finna í Morgunblaðsviðtalinu, er á þessa leið: „Eftir þessari kenningu er lögbrjótum einum treystandi til að setja lög og semja stjórnarskrá.“ Við þessari útleggingu er ekki nema eitt svar: Ætla mætti að Þorvaldur hafi ekki lesið viðtalið, þar sem orðræðan snýst að mestu leyti um það sem Þráinn kallaði nafngildi laga og raungildi sem felur í sér að bókstafur laganna segi einatt lítt til um raunverulega stjórnarhætti, og gjarnan hefði mátt rökræða. Hitt er þó líklegra að hann hafi talið kappræðu á grundvelli tilbúinna forsendna líklegri til að styðja skoðanir sínar en rökræðu sem afhjúpaði merkingarlausan málstað.

# Frasinn „leiða þjóðina saman – sameina þjóðina“

Forseta-embættið

Hannes Bjarnason
forsetaframbjóðandi



Öll viljum við forsetaframbjóðendurnir sameina þjóðina eða þá leiða þjóðina saman. Öll erum við með þetta á stefnuskrá okkar í einu eða öðru formi. Fagurt og háleitt markmið í sjálfu sér og eitthvað sem við sjálfsagt höldum að hljómi vel í eyrum þjóðarinnar. En er þetta eitthvað annað en frasi sem við, forsetaframbjóðendurnir, æfum inn og sláum bæði til hægri og vinstri með? Get bara svarað því fyrir sjálfan mig en tel mig þó á engan hátt vera svo frábrugðinn hinum forsetaefnunum þegar allt kemur til alls.

Ég lagði upp í ferð um landið fullur af eldmóði og taldi mig svo sem vita ýmislegt um ýmislegt. Þar á meðal hafði ég hugmyndir í farteskinu um hvað ég vildi leitast við að sameina í fari þjóðarinnar eða þá hvernig ég myndi vilja leiða þjóðina saman. Varla var ég kominn út af Reykjavíkursvæðinu þegar ég hnaut um fyrstu steinvöluna. Tók fólk tali og hlustaði á það sem það hafði að segja. Af því réð ég fljótt að öll þau stóru orð og viska sem ég hafði tileinkað mér voru lítið annað en frasi án innihalds.

Hinar gömlu átakalínur eiga sér lengri sögu en svo að við getum kennt efnahagshruninu um. Þær hafa lifað í þjóðinni í áratugi og hafa birst í margri mynd gegnum árin. Stundum eru það pólitískar umræður sem valda sárindum, stundum birtast átakalínurnar í líki landsbyggðar og þéttbýlis, stundum birtast átakalínurnar fjölskyldna á milli. Margfeldið er svo óendanlegt.

Vissulega er það rétt að sundurleitir hópar standa hver á sínu og virðast afleiðingar þessa vera sár sem aldrei fá frið til að gróa – og kannski er það einmitt meiningin. Vissulega er það rétt að við verðum að bera virðingu hvert fyrir öðru og ekki minnst okkur sjálfum. Og vissulega er það rétt að við verðum að vinna að jöfnuði og virðingu okkar á milli. En umfram allt verðum við að tala saman og leggja okkur fram við það að læra um og skilja sjónarmið hvert annars. Viðurkenning á mismunandi sjónarmiðum og skilningur á því að við þurfum ekki öll að vera eins, hugsa eins eða haga okkur eins. Það er grunnsteinn sterkrar þjóðarsálar, þjóðarsálar sem getur lifað í sátt og samlyndi við sjálfa sig og aðra.

Í hringferð minni um landið hef ég komist að því að ýmislegt veit ég – en mest á ég eftir ólært!




6,25% óverðtryggðir vextir*
og engin lántökugjöld

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán til endurbóta á húsnæði. Lánin eru óverðtryggð skuldabréfalán með breytilegum vaxtakjörum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

Kynntu þér framkvæmdalán á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 13.04 2012

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2013

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir framkvæmdir á árinu 2012.

Kynntu þér málið á www.allirvinna.is.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## AF NETINU

### Hin ógurlegu bílastæði

Þrátt fyrir að kynferðisofbeldi sé útbreitt vandamál í samfélaginu, eins og dæmin sanna, er afar mikilvægt að ala ekki á ótta kvenna að óþörfu, enda lamandi afl sem hægt er að beita sem stjórntæki með góðum árangri. Bílastæði sérmerkt konum, í upplýstu bílastæðahúsi við Hörpuna þar sem bílastæðaverðir eru til aðstoðar, hljóta að teljast langsótt baráttutæki gegn nauðgunum. Þau geta hins vegar vissulega minnt konur á óteljandi senur af hvíta tjaldinu þar sem konur verða fyrir ofbeldi og hörmungum einmitt á bílastæðum og vakið hjá þeim ótta og ugg.
Að auki getur sú tilhneiging að konur eigi að leggja á ákveðnum stöðum til að koma í veg fyrir að verða fyrir ofbeldi, varpað ábyrgð frá þeim sem hana eiga að bera, ofbeldismönnum.

www.vefritid.is

**Helga Tryggvadóttir**




# Mannréttindi samkynhneigðra og utanríkisstefnan

**Mannréttindi**

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Mannréttindi eru inngróinn partur af íslensku utanríkisstefnunni. Eitt af því sem ég hef sem utanríkisráðherra lagt vaxandi áherslu á eru mannréttindi þeirra sem hafa aðra kynhneigð og kynvitund en meirihlutinn. Það er í anda meginviðhorfa í okkar jákvæða samfélagi sem nú orðið lítur á þátttöku í árlegri Gleðigöngu sem opinbera staðfestingu á því að borgarar landsins njóta allir sama þátttökuréttar í samfélaginu. Viðhorfin hafa gjörbreyst á síðustu 20 árum í kjölfar ötullar baráttu Samtakanna 78. Í þessu efni fundust mér verða snöggar kynslóðabreytingar. Í pólitíkinni barði Vilmundur Gylfason fyrstur fótastokkinn upp úr 1980 og sjálfur sat ég áratug síðar í ríkisstjórn undir forystu Davíðs Oddssonar, sem réðst í róttækar breytingar á lagaumgjörð samkynhneigðra. Í öllum flokkum er nú að finna sterka talsmenn fyrir réttindum samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks.

### Rödd Íslands

Ísland rær sem betur fer ekki eitt á báti í alþjóðlegri baráttu fyrir mannréttindum þessara hópa. Norðurlöndin ganga öll vasklega fram, og hafa átt æ þéttara samstarf í þessum efnum. Evrópusambandið hefur í vaxandi mæli látið þessa baráttu til sín taka. Við höfum átt góða samferð með því. Nú síðast á fundum mannréttindaráðsins í mars sl. þar sem við tókum rækilega undir stefnu ESB þar sem ríki heims voru hvött til að standa dyggan vörð um réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Í skýrslu minni um utanríkismál, sem ég lagði nýlega fyrir Alþingi, er í annað sinn fjallað sérstaklega um málefni þeirra. Sú umfjöllun er ekki síst til að undirstrika að þessi málaflokkur er nú formlega partur af því mósaíki sem myndar heildstæða utanríkisstefnu þar sem mannréttindi eru alltaf á dagskrá.

Hvarvetna þar sem tilefni gefast styður Ísland réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks, bæði lagaleg og félagsleg. Í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna studdi Ísland í orði og verki ályktun um mannréttindi, kynhneigð og kynvitund. Sjálfur tók ég málið upp í ræðu sem ég flutti fyrir Íslands hönd á Allsherjarþingi SÞ. Þar hvatti ég til þess að öll ríki heims ynnu gegn fordómum á þessu sviði, og því var sannarlega ekki fagnað af öllum.

### Íslensku vogarafli beitt

Af sjálfu leiðir að Ísland reynir hvarvetna að sporna gegn gegn ofbeldi sem einstaklingar þurfa sums staðar að þola á grundvelli kynhneigðar sinnar. Við höfum þannig fylgst mjög náið með þróun mannréttinda samkynhneigðra í samstarfslöndum okkar í Afríku – Malaví, Úganda og Mósambík. Þar hafa grófir fordómar sums staðar látið á sér kræla. Harðpúkkaðir evangelistar úr suðurríkjum Bandaríkjanna hafa þar ýtt undir viðhorf sem eru andstæð samkynhneigðum. Hugmyndaveitur á þeirra vegum hafa beinlínis skrifað heil frumvörp fyrir einstaka þingmenn, eins og í Úganda, þar sem þess var freistað að koma í gegn illskeyttum lögum gegn samkynhneigðum. Það voru ekki síst andstaða og hörð mótmæli annarra ríkja, þar á meðal Íslands, sem komu í veg fyrir það. Þar á fulltrúi Íslands sæti í sérstökum mannréttindahópi, sem hrint var sameiginlega af stokkum af þeim ríkjum sem reiða fram fé til mannúðar- og uppbyggingarstarfa í landinu. Hópurinn fylgist með og fjallar um málefni samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Íslensk stjórnvöld hafa líka formlega komið á framfæri athugasemdum við stjórnvöld í Malaví, Úganda og Rússlandi vegna réttinda og stöðu samkynhneigðra.

### Skýra stefnumótun

Það er nýmæli að mannréttindi ofangreindra hópa séu reist með þessum hætti sem vel afmarkaður þáttur í utanríkisstefnunni. Án efa má vinna að því með hnitmiðaðri hætti í framtíðinni. Stefnan þarf að vera skýr um að hvaða markmiði er stefnt, og með hvaða leiðum. Um hið síðara viðurkenni ég fúslega að það liggur eftir að ydda með hvaða hætti Íslendingar geta best beitt sér, innan hvaða stofnana, hvar nýja bandamenn má upp vekja og hvaða umbúðir eru bestar í rökræðunni. Alþjóðlegir sáttmálar eru sterkt tæki, og skapa öflugt viðnám. Við þurfum að skoða hvaða frumkvæði við getum tekið um mótun slíkra tækja, eða negla betur í þeim sem þegar eru til staðar réttindi þeirra, sem eiga á hættu fordóma eða ofsóknir vegna kynhneigðar og kynvitundar. Ísland á að beita sér í þessum efnum og völlum alþjóðasamfélagsins, þar sem okkar fulltrúar standa í púlti, kasta atkvæði, eða hafa vogarafl, eiga þeir að láta bæði rödd og verkin tala.

# Af hverju er löglegur drykkjualdur á Íslandi ekki 16 ára?

**Samfélagsmál**

Guðmundur Ari Sigurjónsson
nemi í tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ og aðstoðarforstöðumaður í félagsmiðstöð



Samkvæmt íslenskum lögum er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára. Þrátt fyrir að þessi lög séu í gildi sýnir skýrslan „Fyrsta drykkjan 2010“ sem Rannsóknir og greining gerðu fram á það að 49,5% 16 ára ungmenna hafa orðið ölvuð um ævina og 90,1% 19 ára nemenda í menntaskólum hafa orðið ölvaðir um ævina. Þessar niðurstöður eru unnar úr könnun sem lögð var fyrir í öllum menntaskólum landsins.

Einnig ber að nefna að samkvæmt ársriti SÁÁ voru rúmlega 200 einstaklingar 19 ára og yngri innritaðir í meðferð á Vogi árið 2009. Þessar tölur, ásamt þeirri staðreynd að 90% prósent ungmenna séu byrjuð að drekka áður en þau mega það samkvæmt núverandi löggjöf, getur varla talist góður árangur. Þeir sem ekki vilja að drykkjualdur á Íslandi sé 16 ára hljóta að krefjast þess að stjórnvöld taki á málinu.

Margir halda því fram að þetta sé eitthvað sem ekki sé hægt að breyta og svona sé þetta, svona hafi þetta verið og að þetta muni alltaf vera svona. Fyrir þá er áhugavert að líta aftur til ársins 1998 en þá höfðu 42% ungmenna í 10. bekk orðið drukkin síðastliðna 30 daga frá því að könnun Rannsóknar og greiningar var tekin en árið 2009 voru það einungis 19%. Á 11 árum hafði fjölda ungmenna, sem höfðu orðið drukkin síðasta mánuðinn, fækkað um meira en helming. Þessar tölur sýna okkur að það er hægt að breyta menningunni og að öflugt forvarnarstarf virkar því á þessum tíma hefur orðið mikil vitundarvakning almennings auk þess sem fjármagn í félagsmiðstöðvar og annað forvarnarstarf hefur margfaldast.

En allir þessir peningar og það góða starf sem fram fer í félagsmiðstöðvunum er að miklu leyti unnið fyrir gýg þar sem dyrnar að félagsmiðstöðvunum lokast við útskrift úr grunnskóla og ekkert skipulagt félagsstarf á vegum hins opinbera tekur við. Þessi ungmenni sem alin eru upp við virka þátttöku í öflugu félagslífi fara strax að leita sér að öðru félagslífi til að taka þátt í. Þá tekur aðeins við félagslíf skólanna sem er stjórnað á forsendum ungmennanna sem þar eru fyrir með engri yfirumsjón eða leiðbeiningu fagaðila. Félagslíf skólanna einkennist oftar en ekki af mikilli drykkjumenningu og lýkur flestöllum stórum viðburðum á vegum menntaskólanna á fylleríi. Hér er ekki einu sinni talað um þá sem ekki fara í menntaskóla eða af einhverjum ástæðum hætta í skóla en þeir eru í miklum áhættuhóp að verða óvirkir og einangrast félagslega enda hafa þeir engan samastað innan samfélagsins.

> En allir þessir peningar og það góða starf sem fram fer í félagsmiðstöðvunum er að miklu leyti unnið fyrir gýg þar sem dyrnar að félagsmiðstöðvunum lokast við útskrift...

En hvað er til ráða? Eins og reynslan sýnir okkur þá dugir það skammt að halda einungis forvarnarfræðslu um skaðsemi áfengis fyrir ungt fólk þegar ungmennamenningin er einfaldlega drykkjumiðuð. Það þarf því að bjóða ungmennum 16 ára og eldri upp á jákvætt tómstundastarf undir handleiðslu fagfólks þar sem ungmennin fá að blómstra á eigin forsendum. Þekkingin er til staðar og býr í félagsmiðstöðvum landsins þar sem ungmenni á aldrinum 13-15 ára hafa vettvang og tækifæri til að vinna að uppbyggjandi, skemmtilegum og krefjandi verkefnum.

Nokkur sveitarfélög hér á landi eru nú þegar byrjuð að vinna framúrskarandi frumkvöðlastarf í þessum málum og eru með starfrækt ungmennahús fyrir 16 ára og eldri. Þar hafa ungmennin vettvang til að hittast, sinna áhugamálum sínum og hafa einnig aðgang að fullorðnum fagmanni sem þau geta leitað til. Með þessu eru sveitarfélögin að bjóða ungmennunum sínum val. Val um það hvort einstaklingurinn vilji taka þátt í heilbrigðu tómstundastarfi sem hefur jákvæð áhrif á þroska hans eða hvort hann ætli að byggja félagslíf sitt upp í kringum áfengi sem hefur skaðleg áhrif á þroska og getu einstaklingsins.

Ný frímerki

*safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 3. maí gefur Íslandspóstur út fimm frímerkjaraðir. Myndefni frímerkjanna eru 150 ára kaupstaðarafmæli Akureyrar, skrúðgarðar, skátahreyfingin á Íslandi 100 ára, Ólympíuleikar í London og Evrópufrímerki 2012 en efni þeirra er „Heimsækið Ísland“.




Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
AÐEINS AÐ HITA
698
KR. PK
BÓNUS HAKKBOLLUR 480 GR
198
KR. 500 GR
ES SÚR/SÆT SÓSA
159
KR. 350 GR
BÓNUS HRÁSALAT
Hrásalat
AÐEINS AÐ HITA
298
KR. 900 GR
FORSOÐNAR KARTÖFLUR
- ÞARF AÐEINS AÐ HITA
359
KR. 480 G
10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR
Hunt's
98
KR. 200 G
EUROSHOPPER
STEIKTUR LAUKUR
198
KR. 680 G
HUNTS
TÓMATSÓSA
159
KR. 5 STK.
5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ
PYLSA Í BRAUÐI MEÐ STEIKTUM OG TÓMATSÓSU
HEFURÐU VITAÐ ÞAÐ BETRA ?
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1598
KR. PK.
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
10 STK X 120 GR.
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1395
KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ
HEIÐALAMB
159
KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ
BÓNUS KAFFI
398
KR. 500 G
BÓNUS KAFFI
BÓNUS FULLELDAÐUR
BUFFALO
KJÚKLINGUR
TILBÚIN VARA: ÞARF AÐEINS AÐ HITA
BÓNUS BUFFALO VÆNGIR
BÓNUS BUFFALO LEGGIR
398
KR. 800 GR
598
KR. 800 GR
279
KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR
fanta
139
KR. KG
BRESKAR STÓRAR
BÖKUNAR-KARTÖFLUR
129
KR. KG
FRANSKAR HVÍTAR
KARTÖFLUR
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1979
KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
179
KR. 2 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Ávísun á góðar fréttir

Menning

Kristján B. Jónasson
formaður Félags íslenskra bókaútgefenda



Á undanförnum misserum hafa borist dapurlegar fréttir af lestrarkunnáttu íslenskra grunnskólabarna. Vitað er að eina ráðið til að efla lestrarfærni er að börnin lesi meira, en það hefur reynst snúið verk að hvetja þau til þess með samstilltu starfi. Fyrir nokkrum árum var unnin athyglisverð skýrsla um lestrarhvatningu fyrir íslensk börn. Skýrsluhöfundur, Guðlaug Richter, ræddi við fjölda fólks sem unnið hefur að þessum málum og komst að því að vart verður tölu komið á staðbundin átaksverkefni sem ætlað er að auka lestur grunnskólanemenda. Áhrifin geta að sönnu verið mikil á meðan átakinu stendur en vandinn er að engin heildstæð áætlun eða stefnumótun er til um hvernig eigi að halda starfinu við. Ræðararnir eru margir en áratökin ekki samstillt.

Kjölfesta lestrarhvatningar er til í íslenskum grunnskólum og á henni gæti starfið byggst. Þar væri róið stöðugt og án afláts og í takt. Þetta eru skólabókasöfnin sem okkur ber að efla með öllum ráðum. Það fylgdi líka sögunni að á góðæristímanum hefði – svo mótsagnakennt sem það nú er – hallað undan fæti hjá þeim og brekkan orðið bröttust þegar sveitarfélög voru leyst undan lagalegri skyldu til að reka bókasöfn í grunnskólum árið 2008. Nú þegar því máli hefur verið kippt í liðinn og lagaskyldan orðin söm og sú skylda sveitarfélaga að reka almenningsbókasöfn, blasir eigi að síður við að hafi góðærið verið slæmt tók ekki betra við í kreppu.

> Ef skólabókasafn hefur eitt árið 800.000 krónur til bókakaupa en næstu tvö árin aðeins 50.000 krónur eða jafnvel ekkert, þá dregst safnið aftur úr.

Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og lektor við Háskólann á Akureyri, kynnti á tólftu Þjóðarspegilsráðstefnunni í október 2011 nýja rannsókn um stöðu skólabókasafna. Hún skoðaði sérstaklega söfnin sem fengu styrk úr Skólasafnasjóði, sem Félag íslenskra bókaútgefenda kom á koppinn árið 2010 í því skyni að vekja athygli á stöðu skólabókasafna og veita styrki til bókakaupa.

Í ljós kom að á árunum 2009 og 2010 voru fjárveitingar til safnanna skornar rösklega niður. Dæmi voru um að ekki hefði verið eytt svo mikið sem einni krónu til bókakaupa á sumum söfnum á þessum tíma. Ef skólabókasafn hefur eitt árið 800.000 krónur til bókakaupa en næstu tvö árin aðeins 50.000 krónur eða jafnvel ekkert, þá dregst safnið aftur úr. Það nær ekki að verða sér úti um nýjar, áhugaverðar bækur. Fyrir vikið er ekki sjálfsagt mál að nýjustu útgáfurnar rati til allra barna í sumum árgöngum.

Fjármuna til Skólasafnasjóðs er aflað með 100 króna framlagi af andvirði hverrar „Ávísunar á lestur“ sem þessa dagana berast inn á heimili landsmanna. Hver ávísun gildir sem 1.000 króna afsláttur ef keyptar eru bækur fyrir 3.500 krónur eða hærri upphæð. Hægt er að hafa áhrif á hvaða skólar fá fé úr sjóðnum með því að skrifa nafn skólans á ávísunina. Með því að nota ávísunina geta foreldrar í senn bætt bókakost heimilisins og stutt við bakið á bókasafni síns skóla. Þannig hvetja þeir til lestrar jafnt heima sem í skólanum og gera sitt til að færa okkur einn daginn góðar fréttir af lestrarkunnáttu grunnskólanemenda.

# Athugasemdir við skrif Sivjar um Landspítalann

Nýr Landspítali

Guðjón Baldursson
læknir



Siv Friðleifsdóttir alþingismaður skrifar grein í Fréttablaðið 26. apríl sl. Nokkur atriði í greininni þarfnast skýringa og leiðréttinga við að mínu mati:

1. Þverpólitísk samstaða: Þingmaðurinn segir að um byggingu hins nýja spítala hafi „ríkt þverpólitísk samstaða“. Það er ekki rétt. Á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins var samþykkt svohljóðandi ályktun: „Landsfundur telur mikilvægt að bæta aðstöðu Landspítalans. Í ljósi efnahagsástandsins telur landsfundur þó fyrirliggjandi hugmyndir um nýbyggingu ótímabærar. Höfuðáherslu beri að leggja á grunnrekstur heilbrigðisstofnana um land allt“. Samkvæmt skoðanakönnunum ber Sjálfstæðisflokkurinn nú höfuð og herðar yfir aðra stjórnmálaflokka og komist hann til valda eftir næstu alþingiskosningar og áður en pólitísk ákvörðun verður tekin um framkvæmdina er líklegt að henni verði slegið á frest.
2. Lög nr. 64/2010: Þingmaðurinn fullyrðir að verkefnið byggi á þessum lögum frá 2010. Lögin innihalda hins vegar aðeins heimild til handa ráðherra að „stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.“ Alþingi á þannig alveg eftir að fjalla um verkefnið. Sú umræða er ekki hafin, og verður að teljast hæpið að svo stórt mál verði fullrætt á þeim tíma sem eftir er fram að næstu þingkosningum.
3. Viljayfirlýsing lífeyrissjóða: 25 lífeyrissjóðir og hið opinbera undirrituðu viljayfirlýsingu síðla árs 2009 um að lífeyrissjóðirnir fjármögnuðu byggingu hins nýja spítala. Einungis er um að ræða viljayfirlýsingu en ekki samning eða samningsdrög. Ekkert er vitað um mögulega fjármagnsupphæð, greiðslutíma, vaxtastig eða önnur þau atriði sem slík fjármögnun byggir á. Það er heldur alls ekki á vísan að róa að samningar náist yfirleitt um slíka fjármögnun. Ávöxtunarmarkmið lífeyrissjóðanna mun vera 3,5% umfram verðbólgu. Er það ásættanlegt vaxtastig fyrir samningsaðilann, ríkið?
Þingmaðurinn segir í grein sinni að okkur ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði. Það er auðvitað enginn grundvöllur fyrir slíkri fullyrðingu og í raun ótrúlegt að henni skuli varpað fram með svo marga óvissuþætti í farteskinu eins og ég hef bent á, sbr. gr. 2 og 3.
4. Úrtöluraddir: Þingmaðurinn tekur fram að „þrátt fyrir allan undirbúninginn heyrast ýmsar úrtöluraddir við og við“ og á eflaust við skrif greinarhöfundar og annarra þeirra sem dregið hafa fyrrnefndar framkvæmdir í efa. Fyrir hrun bankakerfisins á Íslandi og fjármálakreppuna var talað um að þeir væru með úrtöluraddir sem efuðust um réttmæti stórframkvæmda fyrir lánsfé og óhóflegar lántökur. Eftir hrunið hafa menn lagt áherslu á að ýta undir sparnað og að takast ekki á hendur framkvæmdir nema eiga fyrir þeim. Þær úrtöluraddir sem þingmaðurinn nefnir eru auðvitað skiljanlegar í ljósi sögunnar og margir hljóta að vera úrkula vonar um að lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafi dregið nokkurn lærdóm af þeim fjárhagslegu hremmingum sem of mikil skuldsetning getur haft í för með sér.
5. Fjárhagsleg hagræðing: Þingmaðurinn fellur, eins og fjölmargir aðrir sem fjallað hafa um byggingu Landspítalans, í þá gryfju að fullyrða að spara megi 2,7 milljarða á ári í rekstri með byggingu hins nýja spítala. Er vísað til títtnefndrar norskrar hagkvæmniathugunar í þessu samhengi. Hver talsmaður hins nýja spítala á fætur öðrum hefur apað þessar tölur upp en enginn veit á hvaða forsendum athugunin byggir. Þetta minnir á nýju fötin keisarans. Hefur þingmaðurinn lesið ofangreinda skýrslu sjálf og/eða látið einhvern aðila sem til slíkra mála þekkir fara yfir hana? Öllum sem um fjármál fjalla er kunnugt um að unnt er að komast að nánast hvaða niðurstöðu sem er með því að gefa sér ákveðnar forsendur. Áhugavert væri að fá óháðan aðila sem gjörþekkir íslenskt efnahagslíf til þess að yfirfara útreikninga sem liggja að baki. Verðbólgustig í landinu er til að mynda núna 6,4%. Ef við búum áfram við hátt verðbólgustig verður að teljast næsta líklegt að nefndur sparnaður af framkvæmdinni verði fljótur að brenna upp vegna hás fjármögnunarkostnaðar. Þá má geta þess að talað var á sínum tíma um fjárhagslegan sparnað af sameiningu Landspítala og Borgarspítala. Sá sparnaður hefur aldrei skilað sér.
6. Skel og launakostnaður: Þingmaðurinn segir í sinni grein að „skelin kosti nánast ekkert í heildarsamhengi miðað við launakostnað, lyfjakostnað og annað slíkt“. Með skelinni er átt við bygginguna sjálfa. Þetta er alveg hárrétt athugað hjá þingmanninum en á nákvæmlega sama hátt eru afborganir af lánum nánast ekki neitt í samanburði við fjármagnskostnað, þ.e. vexti, verðbætur og allan annan þann kostnað sem fylgir því að taka lán fyrir allri framkvæmdinni. Það er dýrt að vera fátækur.
7. Úrtölumenn og landsbyggðin: Í lok sinnar greinar heldur þingmaðurinn því fram að nýr spítali „minnki þrýsting á að herða ólina að sjúkrahúsþjónustu um allt land, heldur en hið gagnstæða eins og úrtölumenn hafa haldið fram“. Þingmanninum ætti að vera ljóst að verulega hefur verið dregið úr allri sjúkrahússtarfssemi á landsbyggðinni undanfarin ár. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þjónustustig landsbyggðarsjúkrahúsanna hefur smám saman verið fært niður og framtíðarsýn stjórnvalda er sú að það verði tvö sjúkrahús á Íslandi, Landspítalinn og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Hin sjúkrahúsin verði öldrunarstofnanir.

> Ef við búum áfram við hátt verðbólgustig verður að teljast næsta líklegt að nefndur sparnaður af framkvæmdinni verði fljótur að brenna upp vegna hás fjármögnunarkostnaðar.

SVAR VIÐ BRÉFI HELGU EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON ER NÚ SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU

TIL HAMINGJU MEÐ FRUMSÝNINGUNA!



★★★★★
Ingi F. Vilhjálmsson, DV
Jón Yngvi Jóhannsson, Fréttablaðið
Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatíminn




BJARTUR
DYNAMO REYKJAVÍK



## EKKI REYKJA Á STRÖNDINNI

**Reykingabann tekur gildi um miðjan maí á tíu ströndum á Gran Canaria. 25% strandanna má undanskilja fyrir reykingafólk en allt annað á að vera reyklaust svæði. Búist er við að fleiri strandir taki upp reykingabannið fljótlega.**




**Hugsaðu vel um fæturna**

**Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?**

Teg: „BOSTON" Fótlaga skór úr leðri og 100% innleggi úr náttúru-korki.
Stærðir: 36 - 48. Verð: 18.500.-

Misty skor
Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara



**Gólfhitakerfi**

**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.




**Á FERÐ OG FLUGI** Magnús hefur verið á ferð og flugi undanfarnar vikur og hefur unnið til fernra verðlauna á alþjóðlegum mótum í þremur löndum.

# „BÍÐ EFTIR AÐ VAKNA UPP AF DRAUMNUM“

**VAXTARÆKT** *Magnús Samúelsson vaxtarræktarmaður hefur unnið til fernra verðlauna á fjórum alþjóðlegum mótum á síðastliðnum fjórum vikum.*

„Þessi árangur er ótrúlega góður og ég er ekki enn farinn að átta mig á þessu. Fólk í kringum mig er búið að vera að reyna að berja það inn í hausinn á mér en ég er bara að bíða eftir að ég vakni af draumi," segir Magnús Samúelsson vaxtarræktarmaður, sem hefur keppt á fjórum stórum alþjóðlegum mótum á síðastliðnum fjórum vikum.

Hann vann til gullverðlauna í sínum flokki á tveimur mótum í Noregi og einu í Austurríki. Silfurverðlaun bættust í safnið á móti í Danmörku og svo náði hann einnig heildarverðlaunum á mótinu í Austurríki og öðru mótinu í Noregi.

„Það var ótrúlega flott að ná heildarverðlaununum á International Austrian Champhionship í Austurríki. Þetta var svo stórt mót, um fimmtíu manns og keppinautarnir voru í rosalegu formi. Ég stóð við hliðina á einum hroðalegum gaur sem ég hélt að myndi vinna. Þegar tilkynna átti um heildarverðlaunin var ég bara farinn að fá mér vatn og kominn í buxur af því ég hélt að þessi hroðalegi myndi taka þau en svo var mitt nafn kallað og ég fékk bara algjört sjokk."



Magnús, sem er 35 ára, segist bara vera að byrja í íþróttinni. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég fer að keppa á alþjóðlegum mótum og ég bjóst þess vegna engan veginn við þessum góða árangri. Keppendur á þessum mótum voru á aldrinum 35 til 45 ára þannig að ég á nóg eftir. Að ná þessum góða árangri hvetur mann áfram og vonandi fæ ég fleiri góða aðila til að standa við bakið á mér. Ég stefni á að koma enn sterkari á þetta mót á næsta ári en ætla að byrja á því núna að ná mér niður á jörðina". ■ LBH


**RYÐFRÍIR HITAKÚTAR OG OFNAR**



OSO HOTWATER

**BLÖNDUNARLOKI FYLGIR.**

**NORSK FRAMLEIÐSLA**

*Stærðir: 5-300 lítrar*

WÖSAB



*Olíufylltir rafmagnsofnar*

*Stærðir: 250W-2000W*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# KÝS VENJULEG HEIMILI Á FERÐALÖGUM UM HEIMINN

Súperstjarnan Ashton Kutcher hefur viðurkennt í viðtali að hann velji að búa hjá venjulegu fólki þegar hann ferðast um Evrópu. Hann fer inn á leitarsíðuna Airbnb.com og finnur þar íbúðir eða heimili um allan heim. Mörgum þykir merkilegt að svo fræg persóna ferðist á þann hátt en Kutcher er ekkert að leita eftir lúxushótelum. Kutcher er þekktur úr mörgum kvikmyndum og þáttum. Má þar nefna The Butterfly Effect, Where's My Car? og Just Married. Þá tók hann nýlega við hlutverki Charlie Sheen í þáttunum vinsælu Two and a Half Men.

Kutcher, sem er 33 ára, skildi við eiginkonu sína, Demi Moore, fyrir stuttu en þau höfðu verið gift í sjö ár.



**FLOTTIR** Angus T. Jones, Ashton Kutcher og Jon Cryer úr þáttunum Two and a Half Men.




# SAFNAR FYRIR NÁMI MEÐ HRINGFERÐ

*Á ferðinni Jón Þorsteinn Reynison hefur nám í harmonikkuleik við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn í haust.*

Jón Þorsteinn Reynisson harmonikkuleikari leggur af stað í hringferð í dag um landið en hann ætlar að vera með harmonikkutónleika fyrir landsmenn. Jón hlaut nýverið inngöngu í Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn þar sem hann mun stunda nám í harmonikkuleik næstu þrjú árin. „Það er að sjálfsögðu dýrmæt reynsla og góður undirbúningur fyrir skólann að fara í svona tónleikaferð og vonandi get ég safnað upp í einhvern kostnað sem fylgir náminu."

Jón þarf meðal annars að fjárfesta í nýrri harmonikku, en vönduð harmonikka getur kostað meira en andvirði nýs bíls. Efnisskrá tónleikanna er ekki af verri endanum. „Ég mun meðal annars leika þekkt verk eftir tónskáld eins og Mozart, Sibelius, Vivaldi og Rachmaninoff sem ég hef flest útsett sjálfur fyrir harmonikku. Ég ætla að leyfa fólki að heyra hversu ótrúlega fjölbreytt hljóðfæri harmonikkan er." Rakel Hinriksdóttir, kærasta Jóns, er grafískur hönnuður og hefur útbúið heimasíðuna jonthorsteinn.com þar sem hægt er að finna allar upplýsingar um tónleikana ásamt fleiru. Meðal annars má hlusta á lög af plötunni Caprice sem Jón gaf út árið 2010. Tónleikaröðin hefst klukkan átta í kvöld í Hofsósskirkju í Skagafirði en þangað á Jón rætur sínar að rekja. Jón heldur alls sautján tónleika; í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, Egilsstaðakirkju, Vík í Mýrdal, Eskifjarðarkirkju, Tónabergi Akranesi, Fríkirkjunni í Reykjavík ásamt fleiri stöðum. **VG**



**KONUNGLEGI TÓNLISTARSKÓLINN BÍÐUR** Jón mun stunda nám í harmonikkuleik í Danmörku næstu þrjú árin.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473 **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting

Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

POLARIS BIKEWEAR

**Hjólreiðafatnaður í miklu úrvali**



Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

Túnþökusala Oddsteins
- Lóðaþökur
- Fótboltaþökur
- Golfvallargras
- Holtagróður
- Þökulagning

Steini S. 663 6666
visa/euro

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767




**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

WWW.GOTTVERK.IS
GOTTVERK EHF
ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA OG LÓÐAFRÁGANGUR.
GERUM FÖST VERÐTILBOÐ
Hellulagnir • hleðsluveggir
þökulagnir • sláttur • klipping
hreinsun • jarðvegsskipti.
Frekari upplýsingar í s. 897 3057

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Bjössi málari kemur húsinu í stand!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

## Tölvur

omnis tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta



**GREEN-HOUSE**
Fallegur vor-og sumarfatnaður. Eldri vara seld á góðum afslætti. Einnig fallegar vörur fyrir heimilið og garðinn. Opið í dag miðvikudag og fimmtudag 13-17. Laugadag 5.mai 10-14. Green-house Þverholt 18 105 Reykjavík S.7772281.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Sturtuhús til sölu**
**Til sölu er nýlegt tveggja klefa sturtuhús sem hefur verið notað í aðeins þrjá mánuði. Tilbúið til flutnings og allar lagnir til staðar. Tilboð óskast. Tilvalið á tjaldsvæði eða við sumabústað.**
**Nánari upplýsingar gefur Sigmar Árnason byggingafulltrúi í síma 420 1100 eða á bygg@grindavik.is**

**Grindavíkurbær**



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

Bókasafn til sölu, m.a. ritsöfn, æviminningar, skáldsögur, ljóðabækur og ýmislegt fleira, u.þ.b. 250 kasssar. Uppl. í s. 8652312.


NETFRELSI

# Nú missir þú ekki af neinu!




Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2. Njóttu þess að horfa á eftirlætisþættina þína og fjölbreytta afþreyingu í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni - þegar þér hentar.

Smelltu þér núna inn á stod2.is og horfðu á uppáhaldsþáttinn þinn með Stöð 2 netfrelsi

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Sérhæfð vörudreifing

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja.
Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.

**Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.**

**Póstdreifing** - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is



## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar - jonogoskar.is***

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Vorum að taka upp fullt af nýjum sumarvörum. Sumarkjólar frá EIK design. Opið 13-18 Njóttu þess að versla í rólegu og kósý umhverfi og alltaf kaffi á könnunni. Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

CUBE

0,0 lítar/100



**CUBE LTD CLS**
46cm-50cm-54cm-58cm-62cm
Álstell lite trekking Cross
Shimano gírbúnaður, 24 gíra
V-bremsur, þyngd 13.1 kg.
**Verð: 113.990 kr.**
**Tilboð: 99.990 kr.**



**CUBE LTD CLS PRO**
46cm-50cm-54cm-58cm-62cm
Álstell lite trekking Cross
Shimano Acera gírbúnaður, 27 gíra
Vökvadiskabremsur, þyngd 13.7 kg.
**Verð: 139.990 kr.**



**CUBE CURVE PRO**
46cm-50cm-54cm-58cm-62cm
Álstell lite trekking Cross
Shimano gírbúnaður, 27 gíra
Vökvadiskabremsur, þyngd 13.5 kg.
**Verð: 159.990 kr.**

TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Tilboð**
**3 fyrir 2**
**af kanínumat**

4kg poki kostar 1.327,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Tvö herbergi/húsnæði til leigu við Kringluna, öll aðstaða. S. 4992072 / 899 2060

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf. íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: „málari"**

**Garðaþjónusta Íslands**
**óskar eftir að ráða ábyrgan og reglusaman starfsmann sem getur unnið sjálfsstætt og hefur lágmarks viðgerðarkunnáttu til að sjá um slátt og almenn garðverk.**
**Upplýsingar gefur Hjörleifur í s. 844 6547**

Vegamálun ehf óskar eftir að ráða duglegan starfskraft. Meirapróf skilyrði. Umsóknir sendist á vegamalun@vegamalun.is Nánari upplýsingar veitir Skúli í síma 6150857.

## Atvinna

**Bláa kannan kaffihús**
Óskum eftir að ráða til okkar bakara eða aðstoðarmann/konu bakara í afleysingastarf í sumar. Við leitum að skipulögðum, jákvæðum og heilsuhraustum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Mikil vinna í boði fyrir réttan einstakling. Íslensku kunnátta skilyrði
Umsóknir sendist á netfangið blaakannan@internet.is ( ferilskrá)

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Kynningarfundur um *Ungt fólk 2012*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið boðar til kynningarfundar **fimmtudaginn 3. maí nk. kl. 13:30 - 16:00 í Háskólanum í Reykjavík í sal V 101 (Antares).** Þar mun starfsfólk Rannsókna og greiningar þau dr. Álfgeir Logi Kristjánsson, dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Björnsdóttir lýðheilsufræðingur, dr. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir lektor, Hrefna Pálsdóttir og Ingibjörg Eva Þórisdóttir lýðheilsufræðingar og Jón Sigfússon framkvæmdarstjóri, kynna helstu niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2012 í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla".

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
25. apríl 2012
menntamálaráðuneyti.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




SAFT




Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
www.saft.is

## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Máshólar 8**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30- 18.00**






Fallegt, vel skipulagt og afar vel viðhaldið 242,9 fm. einbýlishús á þremur pöllum með 57,8 fm. 2ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð sem er með sérinngangi. Aðalíbúðin skiptist m.a. í rúmgott hol með útgangi á verönd til suðurs, fjögur herbergi, eldhús með þvottaherbergi/búri innaf, samliggjandi rúmgóðar stofur með útgangi á flísalagðar svalir og flísalagt baðherbergi. Fallegt útsýni úr stofum út á sundin, að Esju og víðar. Nýlega hellulögð innkeyrsla og stéttar. Garðhús á lóðinni með rafmagni og köldu vatni. **Verð 59,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 18-19**

**Rauðalækur 57 – 105 Reykjavík**




Mjög falleg 129,5fm 5herb. efri sérhæð ásamt 13,1fm herbergi og baðherb. í kj. og 26,7fm bílskúr, samtals: 172,5fm. Endurnýjað eldhús. Yfirbyggðar svalir. **V-39,9 millj. Sölumaður verður á staðnum.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



37 **KNATTSPYRNUMAÐURINN DAVID BECKHAM** á afmæli í dag.

*„Foreldrar mínir hafa verið til staðar fyrir mig, allt frá því ég var sjö ára.“*

## Merkisatburðir

1615 Þrettán skip farast og áttatíu menn drukkna í aftakaveðri á Breiðafirði.

1822 Skipbrotsmenn af tveimur erlendum skipum komast til lands; sextán manns á Vopnafirði og sex manns við Glettinganes. Bæði skipin höfðu farist í hafís.

1968 Maíuppþotin í París hefjast með því að stjórn Parísarháskóla í Nanterre ákveður að loka skólanum vegna áreksta við stúdenta.

1970 Búrfellsvirkjun vígð og formlega tekin í notkun.

1992 Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra undirritar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn er um tuttugu þúsund blaðsíður.

1997 Tony Blair tekur við embætti forsætisráðherra Bretlands eftir átján ára stjórnartíð Breska íhaldsflokksins.

## AFMÆLISBÖRN



**GARÐAR THÓR CORTES** söngvari er 38 ára.



**DONATELLA VERSACE** fatahönnuður er 57 ára.



**LILY ALLEN** söngkona er 27 ára.



**DAVID O'LEARY** knattspyrnuþjálfari er 54 ára.


†



Elskuleg systir, mágkona og frænka,

**ELÍN ANNA EYVINDS**
**Hátúni 12,**

lést sunnudaginn 29. apríl á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Útförin fer fram fimmtudaginn 3. maí kl. 16.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Helgi Eyvinds**
**Sæmundur Runólfsson**
**og systkinabörn.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum að kvöldi laugardagsins 21. apríl sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 4. maí kl. 15.00.

**Oddur Helgason**
**Anna Oddsdóttir** **Steinar Friðgeirsson**
**Halldóra Oddsdóttir** **Jón B. Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Okkar ástkæri mágur og frændi,

**GUNNAR PÉTURSSON**

er látinn.
Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 3. maí klukkan 13.00 frá Fossvogskapellu.

**Þórey Ósk Ingvarsdóttir**
**Halldóra Lára Ásgeirsdóttir**
**Pétur Ásgeirsson**
**Gunnar Ásgeirsson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


**ÞETTA GERÐIST:** 2. MAÍ 1803

## *Bandaríkin kaupa Louisiana*



Á þessum degi árið 1803 keyptu Bandaríkin Louisiana af Frökkum. Ráðstöfunin reyndist hin mestu kostakaup enda tvöfaldaðist stærð Bandaríkjanna við viðbótina.

Áhugi gamla heimsins á Louisiana náði aftur á sautjándu öldina þar sem franskir landnemar höfðu komið sér fyrir og kannað landið í kringum Mississippi-ána. Mikilvægi svæðisins var óumdeilanlegt og þá sérstaklega ármynni Mississippi upp að Nýju Orleans og áin sjálf sem Bandaríkjamenn notuðu sér óspart til vöruflutninga. Til þess að þurfa ekki að greiða tolla eða flutningsgjöld vegna afnota á svæðinu var Bandaríkjunum mjög í hag að eignast svæðið. Ljóst er að Bandaríkjamenn fengu þetta gríðarstóra landsvæði á góðu verði og hafa margir velt því fyrir sér hvaða hvatir hafi legið að baki ákvörðun Napóleóns Bónaparte um sölu Louisiana.

Af samningi Bandaríkjanna og Frakka er ekki hægt að ráða nákvæm mörk landsvæðisins sem kallað var Louisiana. Innan svæðisins falla þó óumdeilanlega nútímaríkin Louisiana, Missouri, Arkansas, Iowa, Norður-og Suður-Dakóta, Nebraska og Oklahoma, og stærstur hluti landsvæðis Kansas, Colorado, Wyoming, Montana og Minnesota.



**FIMMTUGUR** Sumrinu eyðir Sigurður að miklu leyti í Landssveit, þar sem hann hyggst ríða út með ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**SIGURÐUR GRÉTARSSON FYRRUM ATVINNUMAÐUR:** ER FIMMTUGUR Í DAG

# Fylgist ágætlega með boltanum

„Dagurinn leggst vel í mig. Ég hef ekki gert nein plön nema smá veislu fyrir nánustu fjölskyldu á laugardaginn og ég vona að það fari nú enginn að skipuleggja neitt fyrir mig,“ segir Sigurður Grétarsson, rafvirki, hestamaður og fyrrum atvinnu- og landsliðsmaður í knattspyrnu, sem fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag.

Sigurður, sem á 46 A-landsliðsleiki að baki fyrir Íslands hönd (þann síðasta árið 1993), ólst upp sem leikmaður í Breiðabliki áður en hann fór utan í atvinnumennsku með liðum á borð við Luzern og Grasshopper í Sviss og fleirum. Hann sneri svo heim aftur fyrir tímabilið 1996, gerðist spilandi þjálfari með Val og loks Breiðbliki, þar sem hann lokaði hringnum. Síðan knattspyrnuferlinum lauk hefur hann starfað sem rafvirki, en þá iðn hafði hann lært áður en fótboltinn tók yfir á sínum tíma. „Faðir minn er rafvirkjameistari og við erum þrír saman hjá fyrirtæki sem heitir Rafnýting. Það gengur ágætlega, þótt fremur rólegt hafi verið eftir hrun eins og annars staðar,“ segir Sigurður, sem þessa dagana vinnur hörðum höndum að undirbúningi nýs ævintýris sem tengist ferðamannabransanum, iðnaði sem Sigurði þykir spennandi. „Ég, Ómar Steinar Rafnsson æskufélagi minn og fjölskyldur okkar erum að fara í gang með hestaferðir fyrir túrista. Við erum með land uppi í Landssveit, sem er gríðarlega fallegur staður með mörgum góðum reiðleiðum, og þar erum við líka með stóran bústað þar sem við hyggjumst hýsa ferðalangana. Ómar er fæddur og uppalinn á hestum og hefur verið leiðsögumaður í mörgum hestaferðum, en sjálfur hef ég verið á kafi í hestamennsku í tvö ár. Í sjálfu sér er ég byrjandi, en með vanan mann með mér sem veit út í hvað við erum að fara. Við ætlum að byrja á þessu í sumar og reyna svo að auka við eftir því sem á líður. Þetta er spennandi og fer vonandi vel af stað, en auk þess er ekki mikið að gerast í öðrum geirum. Einhvern veginn verður maður að reyna að bjarga sér,“ segir Sigurður.

Aðspurður segist Sigurður ekki hafa snert fótbolta í heilt ár vegna þess hversu slæmur hann er orðinn í hnénu. „Ég get ekkert sparkað lengur og sakna fótboltans auðvitað, en ég held að það sé kominn tími á að hætta alveg að stunda hann. Ég verð að hugsa um framtíðina, því ég vil nú geta labbað eða skokkað þegar ég verð orðinn sextugur. Ég fylgist þó ágætlega með boltanum, bæði liðunum sem ég spilaði með í útlöndum og svo Breiðabliki. Mér líst ágætlega á sumarið hjá Blikunum, þeir hafa misst marga lykilmenn en það kemur maður í manns stað. Liðið er það gott að það ætti að geta endað um miðja deild eða jafnvel ofar.“

kjartan@frettabladid.is

# Inn í kviku Ásmundar

Ný sýning á verkum myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar, Inn í kviku, verður opnuð í Ásmundarsafni við Sigtún laugardaginn 5. maí klukkan 16.

Við sama tilefni verður endurtekinn „gjörningur“ í höggmyndagarðinum, sem Ásmundur taldi að kenndi börnum að meta og þykja vænt um stytturnar.

Sýningin Inn í kviku er þríþætt og dregur fram ólíkar hliðar á Ásmundi hvað varðar inntak, form og tímaskeið. Leitast er við að nýta húsið í Sigtúni sem rökréttan hluta af sýningunni og umgjörð um hana, ásamt höggmyndagarðinum í kringum húsið sem geymir mörg af þekktustu verkum listamannsins.

Sýningarstjórar eru Steinunn G. Helgadóttir myndlistarmaður og Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur.

Sunnudaginn 13. maí klukkan 14 munu sýningarstjóranir fara um sýninguna og ræða við gesti.



**ÁSMUNDUR SVEINSSON** Ný sýning á verkum Ásmundar verður opnuð í Ásmundarsafni á laugardag.




Vissir þú að með því að greiða einu sinni 5.000 krónur inn á höfuðstól á verðtryggðu láni sem ber 5% fasta vexti og miðað við 4% verðbólgu út lánstímann gætir þú sparað 22.840 krónur.

**Hvaða lán er best að greiða upp fyrst?**
Ef þú greiðir inn á höfuðstól á réttu láni í réttri röð sparar þú gríðarlegar fjárhæðir í vexti og verðbætur. Þetta gerir það að verkum að lánstíminn styttist til muna.
**Pantaðu tíma strax í dag!**

**Kynntu þér nánar á sparnadur.is**

SPARNAÐUR

Holtasmári 1, Kópavogur
Kaupvangsstræti 4, Akureyri

Sími: 577-2025
Fax: 577-2032

sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** ullarflóki, **8.** mælieining, **9.** hluti verkfæris, **11.** bókstafur, **12.** deyfa, **14.** yfirstéttar, **16.** í röð, **17.** gagn, **18.** kæla, **20.** peninga, **21.** yndi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gleðimerki, **3.** upphrópun, **4.** flokkur sýklalyfja, **5.** berja, **7.** niðurstaða, **10.** fálæti, **13.** vöntun, **15.** bakhluti, **16.** tala, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** lofs, **6.** rú, **8.** júl, **9.** orf, **11.** ká, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** tu, **17.** nyt, **18.** ísa, **20.** fé, **21.** unun.

**LÓÐRÉTT:** **1.** bros, **3.** oj, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** úrlausn, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** tíu, **19.** au.






# Höldum kökubasar!

**BAKÞANKAR**
Svavar Hávarðsson



Í lagabálki frá árinu 1888 er tekið á þeirri þjóðfélagslega skaðlegu hegðan þegar maður bítur annan mann. Segir að ef bitið er það alvarlegt að dragi til blóðs skuli ofbeldismaðurinn tekinn og dregnar úr honum allar framtennurnar. Ég hef engar upplýsingar um hversu oft lagaákvæðinu hefur verið beitt. Hins vegar eru lögin, að því er ég best veit, enn í fullu gildi.

**LÖG** eru sett af nauðsyn. Þess vegna segja lög á hverjum tíma meira um samfélagsgerðina en flest annað. Það er hins vegar eins með lögin í landinu og margt annað, að þau eldast ekkert sérstaklega vel. Þess vegna er það hluti af skyldum kjörinna fulltrúa okkar að aftengja lög sem hafa ekki staðist tímans tönn. Bara núna síðast í desember var til dæmis þegnskylda barna til þátttöku í landgræðslu afnumin, en samkvæmt lögum frá árinu 1974 gátu yfirvöld kallað börn til slíkra starfa, að því gefnu að þau væru „hraust og ófötluð.“ Af hverju í ósköpunum? Sennilega vegna landgræðslu- og gróðurverndaráætlunar sem stjórnvöld settu á fót af tilefni ellefu hundruð ára Íslandsbyggðar. Gott og vel. Það sem er á einum tíma sjálfsagt og eðlilegt er það ekki endilega á morgun.

**Í OKTÓBER** í fyrra var útbýtt á Alþingi stjórnarfrumvarpi til breytinga á lögum um matvæli. Eins og þingsköp gera ráð fyrir gekk málið til nefndar eftir umræður á þinginu. Nefndin fjallaði um málið á níu fundum á fimm mánaða tímabili en eftir þriðju umræðu í lok apríl voru lög samþykkt samhljóða. Tilefni málsins var að við innleiðingu evrópsku matvælalöggjafarinnar árið 2010 breyttust heimabakandi gamlar konur og börn nefnilega í matvælafyrirtæki í skilningi laganna og voru þess vegna háð opinberu eftirliti. Á grundvelli lagabreytingarinnar geta hins vegar velviljaðir aftur selt kleinur eða muffins til styrktar góðu málefni. Inngrip lögreglu er því ekki lengur áhyggjuefni þeirra sem vilja halda kökubasar.

**JÁ,** löggjöf segir mikið um samfélagið. Hins vegar falla tanndráttarlögin frá 1888 og muffins-löggjöfin frá 2012 eiginlega í sama farvegi, finnst mér. Önnur lögin mega alveg standa áfram því við munum aldrei beita þeim. Hin lögin máttu líka standa óbreytt því við áttum aldrei að telja það nauðsynlegt að fara eftir þeim.

**ÞAÐ** sem á einum tíma er sjálfsagt og eðlilegt, á nefnilega stundum að vera það líka á morgun og um alla framtíð. Dæmi um það eru ömmur að selja bakkelsi til styrktar góðu málefni. Um það þurfum við ekki lög. Þau hafa nefnilega legið fyrir allan tímann – óskrifuð.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# menning

menning@frettabladid.is



**DÓMKÓRINN Í REYKJAVÍK** býður vorið velkomið í kvöld, miðvikudagskvöldið 2. maí, með tónleikum í Hafnarfjarðarkirkju. Á efnisskránni eru íslensk kórlög, meðal annars eftir Báru Grímsdóttur og Önnu S. Þorvaldsdóttur, ásamt mótettum eftir Duruflé og Bruckner. Stjórnandi Dómkórsins er Kári Þormar. Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en ókeypis er fyrir börn og ellilífeyrisþega.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 02. maí 2012**

**➜ Tónleikar**

**20.00** Karlakórinn Fóstbræður heldur vortónleika í Langholtskirkju. Tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson kemur fram með þeim. Miðaverð er kr. 3.000.

**➜ Dans**

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Aðgangseyrir kr. 600.

**➜ Handverkskaffi**

**20.00** Handverkskaffi verður í Gerðubergi þar sem Margrét Sigurðardóttir mun fara yfir virkni helstu kryddjurta og hvernig má nýta þær gegn kvillum.

**➜ Tónlist**

**21.00** Stefán Ómar Jakobsson kemur fram ásamt hljómsveit í Norræna húsinu. Aðgangseyrir kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir nemendur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Að segja frá eða þegja

**Búsáhaldabyltingin er bakgrunnur nýs íslensks leikrits sem nefnist Hústakan. Stoppleikhópurinn, undir stjórn Valgeirs Skagfjörð, sýnir það í Kópavogsleikhúsinu að Funalind 2. Hrund Ólafsdóttir er höfundurinn.**




**PARIÐ UNGA** Ingi Hrafn Hilmarsson og Ólöf Jara Skagfjörð í hlutverkum sínum í Hústökunni.

„Þetta er átakaverk," segir Hrund um leikrit sitt Hústökuna. Ástandið í samfélaginu í kjölfar bankahrunsins, sem neyddi fólk til að endurmeta lífsskoðanir sínar og gildi, segir hún hafa orðið sér innblástur að því. „Mig langaði að fjalla um ungt fólk sem hefur gert ráð fyrir ákveðnum lífsstíl og ákveðinni heimsmynd en þarf svo að horfast í augu við eitthvað allt annað og upplifir miklar breytingar. Það voru ýmsar leiðir að því marki."

Hrund segir Stoppleikhópinn hafa pantað hjá sér verk fyrir tæpum þremur árum, þegar hún hafi einmitt verið að móta grunnhugmyndina að Hústöku. „Þá hófst ég handa við að aðlaga mína hugmynd aðstæðum leikhópsins og úr varð þetta verk," segir hún og kveðst ekki hafa mætt á æfingar eftir að hún lauk við handritið.

Án þess að ræna væntanlega leikhúsgesti spennunni þá ljóstrar Hrund því upp að Hústakan fjalli um ungan mann, Atla Geir, sem býr við ágætar aðstæður, á móður sem er alþingismaður og föður sem er iðnaðarmaður og verktaki; er listrænn strákur sem spilar á gítar og syngur. „Atli Geir kynnist stelpunni Ingu sem er baráttukona. Hún tekur þátt í búsáhaldabyltingunni og verður leiðtogi hóps og Atli Geir dregst inn þetta með henni og kynnist mörgu sem hann hafði ekkert hugsað um áður," lýsir Hrund og heldur áfram. „Hópurinn ákveður að gerast hústökufólk til að hjálpa þeim sem minna mega sín og gefa fjölskyldum að borða sem hafa misst allt sitt. Sú ákvörðun dregur stóran dilk á eftir sér því átök verða og alvarlegt slys og strákurinn verður að gera upp við sig hvort hann ætlar að standa með stúlkunni sinni eða bjarga eigin skinni. Það er spurningin sem verkið snýst um í raun og veru og svarið látum við áhorfendum eftir að upplifa."

Leikarar í Hústökunni eru Ingi Hrafn Hilmarsson, Ólöf Jara Skagfjörð, Eggert Kaaber og Katrín Þorkelsdóttir. Leikstjóri er, eins og áður sagði, Valgeir Skagfjörð og hann er líka höfundur tónlistar. Næsta sýning er í kvöld, 2. maí klukkan 20. Miðinn kostar 1.500 og hægt er að panta á eggert@centrum.is.

gun@frettabladid.is



**HÖFUNDURINN** Hrund Ólafsdóttir segir leikritið fjalla um ungan mann sem þarf að endurmeta lífsskoðanir sínar og gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

Kynntu þér forsölukjörin. Athugið að forsölu lýkur 15. maí. Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á **www.landsmot.is**

25.06 – 01.07

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ. N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt.

Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu. Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Iceland Express

Landssamband hestamannafélaga

Landsmót hestamanna – National Horse Show of Iceland






**BT Skeifunni - BT Glerártorgi**
S. 550-4444 - www. BT.is



**LEIKKONAN ANNE HATHAWAY** fer með hlutverk í Les Miserables sem verið er að taka upp í London um þessar mundir. Leikkonan þarf að þenja raddböndin daglega, enda er Les Miserables söngleikur, og til þess að halda röddinni mjúkri og heilbrigðri skolar hún munninn með eggjahvítum á hverjum morgni.






**AVATAR** Framhald ævintýramyndarinnar verður hugsanlega tekið upp í Kína.

# Kína kemur til greina

James Cameron hefur gefið í skyn að framhald ævintýramyndarinnar Avatar verði tekið upp í Kína. Leikstjórinn hefur unnið við handrit myndarinnar síðan Avatar sló í gegn 2009.

„Ef þetta gengur upp yrði það mjög hagkvæmt fyrir kínverskan kvikmyndaiðnað. Ef við tökum þar upp mynd eins og Avatar, sem er alfarið tekin upp í kvikmyndaveri, þá myndum við ekki vera í landinu vegna landslagsins," segir Cameron. „Við myndum mæta þangað með sýndarframleiðslu og nota þrívíddartækni sem væri góð tilbreyting fyrir kvikmyndaiðnaðinn þarna."

# Rambo í fimmta sinn

**Sylvester Stallone ætlar að setja rauða hárbandið á kollinn á sér á nýjan leik því hann er með fimmtu hasarmyndina um Rambo á teikniborðinu.**

**Fjögur ár eru liðin síðan Stallone lék síðast Rambo og hlaut sú mynd ágætar viðtökur. Hinn 65 ára Stallone segist vera að semja uppkast að nýju handriti og þar verði Rambo kvaddur fyrir fullt og allt. Þar áttar hann sig á því hver örlög hans eru. „Þau eru ekki að vera bóndi eða í felum heldur að kveðja sem hetja í fullum herklæðum," sagði Stallone við MTV.**



**STALLONE** Sylvester Stallone er að undirbúa fimmtu Rambo-myndina.



GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í **DINERS, DRIVE-INS & DIVES** Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**






PIPAR\TBWA • SÍA

# Tæknin þótti allt of góð

**Leikstjórinn Peter Jackson sýndi tíu mínútna langt brot úr kvikmyndinni The Hobbit: An Unexpected Journey á Cinemacon í Las Vegas í síðustu viku. Kvikmyndin er öll skotin með nýrri tækni er sýnir 48 ramma á sekúndu í stað hinna hefðbundnu 24 ramma á sekúndu og verður fyrsta myndin sem sýnd er á þessum hraða. Tæknin þykir þó of öflug fyrir kvikmyndahús og er afraksturinn slakur ef marka má gagnrýnandann Devin Faraci hjá Badass Digest.**



**TÆKNIN ALLTOF GÓÐ** Peter Jackson notast við nýjustu kvikmyndatækni við tökur á Hobbitanum. Brot úr myndinni var kynnt í síðustu viku og urðu margir fyrir vonbrigðum með tæknina sem þótti einfaldlega of góð. NORDICPHOTOS/GETTY

Peter Jackson notast við nýja tækni við tökur á kvikmyndinni The Hobbit: An Unexpected Journey sem sýnir 48 ramma á sekúndu, sem eru tvöfalt fleiri rammar en kvikmyndagestir eiga að venjast. Tíu mínútna langt brot úr myndinni var sýnt á Cinemacon í Las Vegas í síðustu viku og þótti tæknin ekki henta venjulegum kvikmyndahúsum.

„Yfir myndinni er einhvers konar sápuóperublær sem fólk kannast við frá illa stilltum og ódýrum sjónvörpum. Myndbrotið var hræðilegt og ókvikmyndalegt. Sviðsmyndirnar litu út eins og sviðsmyndir og töfraljóma kvikmyndanna vantaði alveg,“ skrifaði Devin Faraci á vefsíðunni Badass Digest. Faraci var ekki sá eini er varð fyrir vonbrigðum því blaðamaður Variety tók í sama þráð. „Þetta var öðruvísi upplifun sem mun ekki falla í kramið hjá öllum. Því miður er útkoman svolítið sjónvarpsleg.“

Margir bíða eftir forsögu Lord of the Rings þríleiksins með mikilli eftirvæntingu enda slógu hinar kvikmyndirnar í gegn á sínum tíma. Óskandi er að eftirvinnsla Hobbitans bæti þó eitthvað úr skák, annars er víst að einhverjir verði fyrir miklum vonbrigðum.



**ALLUR SANNLEIKURINN** Cissy Houston vill að allur sannleikurinn komi fram í bókinni.

# Skrifar bók um Whitney

**Cissy Houston, móðir söngkonunnar sálugu Whitney Houston, ætlar að skrifa bók um dóttur sína. Hún vill að allur sannleikurinn um söngkonuna komi þar fram, bæði slæmu stundirnar og þær góðu.**

**Cissy hefur rætt við nokkra útgefendur í New York um bókina og gæti fengið háar upphæðir fyrir hana, allt eftir því hversu miklu hún er tilbúin að segja frá. Þar má nefna eiturlyfjanotkun dóttur hennar og hjónaband hennar og Bobby Brown. Söngkonan var fyrr á árinu grafin við hlið föður síns, Johns Russell Houston Jr., sem lést 2003.**


SAMBÍÓIN SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR ÍSL. TALI | KL. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC ÓTEXTUÐ | KL. 9 | 3D | L |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| AVENGERS | KL. 5 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is










SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 11 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD (BULLY) | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| IRON SKY | KL. 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 6 - 8 | 12 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AVENGERS 3D | 7 og 10-POWER |
| 21 JUMP STREET | 5.45 og 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 10.20 |
| HUNGER GAMES | 7 og 10 |






VOLTAREN DOLO 50% AFSLÁTTUR
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MAÍ
Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Garðatorgi • Setbergi • Akureyri • www.apotekid.is



BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 ■ CARNAGE 20:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# VIÐ ERUM LÖNGU BÚIN AÐ OPNA

EF ÞÚ HEFUR EKKI KÍKT Á OKKUR ENNÞÁ, GERÐU ÞAÐ NÚNA!

ZARA ZARA ALLUR FATNAÐUR 30% AFSLÁTTUR AF OUTLET-VERÐUM!

SKÓR GILDIR AF ÖLLUM SKÓM 30% AFSLÁTTUR AF OUTLET-VERÐUM!

TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR • ATH! • ALLA DAGA •

# ÚRVAL VÖRUMERKJA

Levis • Zara • Champion • Six Mix • Shine • Imac • Didrikson • Asics • Speedo • Arena • Nike
Adidas • Russel Athletic • L'Oreal • Sanpelligrino • Oroblu • Kaffe • Veto • b.young • Lee
Wrangler • Lacoste • Bruun & Stengade • Lindbergh • Bosweel • Bullboxer • Tamaris • Fransa • JBS

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# sport

sport@frettabladid.is



**VALUR OG FRAM** hefja í kvöld leik um Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik kvenna. Þetta eru langsterkustu lið landsins sem sannaðist endanlega á því að bæði lið sópuðu andstæðingum sínum 3-0 í undanúrslitunum. Vinna þarf þrjá leiki í úrslitunum til þess að verða Íslandsmeistari.

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**FH-HK 23-26**

FH - Mörk (skot): Örn Ingi Bjarkason 6 (9), Hjalti Þór Pálmason 5 (10/1), Atli Rúnar Steinþórsson 3/1 (5/1), Andri Berg Haraldsson 3 (7), Ragnar Jóhannsson 3 (7), Baldvin Þorsteinsson 2 (5), Sigurður Ágústsson 1 (2), Ari Magnús Þorgeirsson (2), Ólafur Gústafsson (8),

Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 6 (24/1, 25%), Pálmar Pétursson 5 (13, 38%),

Hraðaupphlaup: 4 (Baldvin 2, Andri, Ragnar )

Fiskuð víti: 2 (Örn Ingi, Atli Rúnar )

Utan vallar: 10 mínútur.

HK - Mörk (skot): Atli Ævar Ingólfsson 6 (8), Tandri Már Konráðsson 6 (13), Bjarki Már Elísson 5/1 (5/1), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (15), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 4 (4), Ólafur Víðir Ólafsson (1),

Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 19/1 (42/2, 45%),

Hraðaupphlaup: 6 ( Bjarki Elísson 3, Tandri, Ólafur, Sigurjón )

Fiskuð víti: 1 (Atli Ævar )

Utan vallar: 10 mínútur.

Dómarar: Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson voru frábærir.

*Enska úrvalsdeildin:*

**Liverpool-Fulham 0-1**

0-1 Martin Skrtel, sjálfsmark (4.)

**Stoke-Everton 1-1**

0-1 Peter Crouch, sjálfsmark (43.), 1-1 Cameron Jerome (69.)

**STAÐAN:**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **36** | **26** | **5** | **5** | **88-27** | **83** |
| Man. United | 36 | 26 | 5 | 5 | 86-33 | 83 |
| **Arsenal** | **36** | **20** | **6** | **10** | **68-44** | **66** |
| Tottenham | 35 | 18 | 8 | 9 | 59-39 | 62 |
| **Newcastle** | **35** | **18** | **8** | **9** | **53-46** | **62** |
| Chelsea | 35 | 17 | 10 | 8 | 62-39 | 61 |
| **Everton** | **35** | **14** | **9** | **12** | **46-38** | **51** |
| Liverpool | 36 | 13 | 10 | 13 | 43-38 | 49 |
| **Fulham** | **36** | **13** | **10** | **13** | **46-48** | **49** |
| WBA | 36 | 13 | 7 | 16 | 41-47 | 46 |
| **Sunderland** | **36** | **11** | **12** | **13** | **44-43** | **45** |
| Swansea City | 36 | 11 | 11 | 14 | 43-49 | 44 |
| **Norwich City** | **36** | **11** | **10** | **15** | **47-63** | **43** |
| Stoke City | 35 | 11 | 10 | 14 | 33-49 | 43 |
| **Aston Villa** | **36** | **7** | **16** | **13** | **36-50** | **37** |
| Wigan Athletic | 36 | 9 | 10 | 17 | 38-60 | 37 |
| **QPR** | **36** | **9** | **7** | **20** | **40-63** | **34** |
| Bolton | 35 | 10 | 4 | 21 | 41-69 | 34 |
| **Blackburn** | **36** | **8** | **7** | **21** | **47-75** | **31** |
| Wolves | 36 | 5 | 9 | 22 | 38-79 | 24 |



**KLAUFALEGT** Martin Skrtel horfir hér á eftir boltanum eftir að hafa skorað sjálfsmark gegn Fulham. Tapið í gær var fjórða tap Liverpool á heimavelli í vetur en liðið er alls búið að tapa þrettán leikjum í deildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Björn Ingi lokaði búrinu

**Björn Ingi Friðþjófsson, markvörður HK, var maðurinn á bak við 23-26 sigur HK á FH í Kaplakrika í gær. HK er þar með komið í 1-0 í úrslitaeinvígi N1-deildar karla og búið að stela heimavallarréttinum af Íslandsmeisturunum.**

**HANDBOLTI** „Ég er svona góður. Það er bara þannig og menn vita það alveg,“ sagði brosmildur markvörður HK, Björn Ingi Friðþjófsson, eftir frábæran sigur HK á FH í úrslitaeinvígi N1-deildar karla.

Björn Ingi átti frábæran dag í markinu og hans frammistaða átti ansi stóran þátt í sigrinum. Björn og félagar hans í markvarðateymi HK voru talsvert gagnrýndir fyrir úrslitakeppnina enda voru þeir alls ekki búnir að verja nógu vel í vetur. Það veit Björn vel og viðurkennir.

„Þetta var ágætisdagur hjá mér og vörninni. Ekki hægt að kvarta yfir því. Ég er samt fljótur að ná mér niður á jörðina og farinn að hugsa um næsta leik. Við markverðirnir fórum vel yfir okkar hluta og þetta hefur gengið betur síðan,“ sagði markvörðurinn og bætti við.

„Villi [Vilhelm Gauti] er náttúrulega bara snillingur. Hann talar mann þannig til að maður bara ver næsta bolta. Annars er þetta bara hausinn og hann er sem betur fer í lagi þessa dagana. Ballið er samt bara rétt að byrja og við vitum að næsti leikur verður erfiðari. Við mætum samt enn betur tilbúnir þá en núna. Við ætlum okkur stóra hluti.“

Björn Ingi byrjaði leikinn strax með látum og fékk ekki á sig mark fyrstu mínúturnar. Áður en FH-ingar áttuðu sig á því að leikurinn væri byrjaður var HK komið í 1-6 forskot.

Þrátt fyrir fína tilburði það sem eftir lifði leiks náði FH aldrei að komast nær en þremur mörkum. Þeir náðu einfaldlega ekki að brúa þetta fimm marka forskot sem HK náði í upphafi.

FH-ingar áttu fínt áhlaup undir lokin en þá skellti Björn Ingi í lás á nýjan leik og innsiglaði frábæran sigur HK sem er búið að stela heimavallarréttinum af Íslandsmeisturunum.

Það var ekki bara markvarslan sem var frábær hjá HK því vörnin með Vilhelm Gauta og Bjarka Má í broddi fylkingar var mögnuð. Ólafur Bjarki og Tandri leiddu sóknarleikinn og fengu einnig flott framlag frá Atla Ævari og Sigurjóni.

Hjá FH var Örn Ingi í sérflokki. Hjalti, Ragnar og Atli Ævar skiluðu ágætu verki en aðrir voru slakir. Markvarslan var ekki ásættanleg og aðalskytta liðsins, Ólafur Gústafsson, var algjörlega út á túni og náði ekki að skora þrátt fyrir átta tilraunir. Munar um minna fyrir FH en ég neita að trúa því að Ólafur geti átt annan álíka lélegan leik í þessari rimmu.

„Við nýttum varla færi í fyrri hálfleik og það gengur ekki á móti góðu liði eins og HK. Eftir það var á brattann að sækja allan tímann gegn yfirveguðu liði HK,“ sagði annar þjálfara FH, Kristján Arason, eftir leik en hann var eðlilega allt annað en sáttur við sína menn í leiknum.

„Þegar við áttum séns á að komast aftur inn í leikinn fórum við að klúðra á ný. Það var bara of dýrt og þetta var sanngjarn sigur hjá HK að þessu sinni,“ sagði Kristján en hann átti engar skýringar á því af hverju hans menn hefðu mætt svona værukærir til leiks.

„Ég á ekki einfalda skýringu á þessari byrjun. Þetta var ekki gott og ótrúlegt að sjá þetta. Við verðum að gera betur í næsta leik og þrátt fyrir allt vorum við alltaf aðeins inni í leiknum. Þetta þarf að skoða vel og við mætum tilbúnir í næsta leik.“ henry@frettabladid.is




**HARKA** Ólafur Gústafsson FH-ingur er hér kominn langleiðina með að klæða Atla Ævar Ingólfsson úr um leið og hann gefur honum einn á lúðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FÖGNUÐUR** HK-ingar fögnuðu innilega í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ROY HODGSON** Byrjar á því að fara með England á EM í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hodgson tekur við Englandi:

## Vill fá stuðning

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið réð í gær Roy Hodgson sem landsliðsþjálfara til næstu fjögurra ára. Hann tekur við starfinu af Fabio Capello sem hætti fyrr á árinu. Hodgson lætur um leið af starfi sínu hjá WBA.

„Ég er mjög spenntur fyrir verkefninu. Það vita allir að það er ekki auðvelt og ég vonast eftir því að fólk þjappi sér á bak við liðið,“ sagði Hodgson í gær en ráðning hans kom mörgum á óvart. Flestir bjuggust við því að Harry Redknapp yrði ráðinn.

Hodgson var eini þjálfarinn sem rætt var við og Redknapp var því ekki eins augljós kandidat og margir héldu.

Hinn 64 ára gamli Hodgson hefur þjálfað 18 lið á löngum ferli og þar af þrjú landslið.

„Mitt fyrsta verkefni er að vinna alla leikmenn á mitt band. Við berum allir mikla ábyrgð og vonandi þjappar þjóðin sér svo á bak við okkur,“ sagði þessi fyrrum þjálfari Liverpool og Inter. - hbg

Úrslit IE-deildar karla:

## Þór reynir að fá oddaleik

**KÖRFUBOLTI Fjórði leikur Þórs og Grindavíkur í úrslitum Iceland Express-deildar karla fer fram í Þorlákshöfn í kvöld klukkan 19.15.**

**Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Grindavík sem hampar Íslandsmeistaratitlinum í kvöld með sigri. Vinni Þór verða liðin að mætast í hreinum úrslitaleik í Grindavík á föstudag.**

**Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og einnig í beinni textalýsingu á Vísi.**


ÚRSLITAKEPPNI 2012

LOKAÚRSLIT KVENNA

Miðvikudagur | 2. maí | Kl. 19:30
VALUR-FRAM
Vodafonehöllin | Leikur 1

Föstudagur | 4. maí | Kl. 19:30
FRAM-VALUR
Framhúsið | Leikur 2

Mánudagur | 7. maí | Kl. 19:30
VALUR-FRAM
Vodafonehöllin | Leikur 3




N1 DEILDIN


KR-ingar unnu Meistarakeppni KSÍ með 2-0 sigri á FH á Laugardalsvelli:

## Kjartan Henry afgreiddi FH-inga

**FÓTBOLTI** KR-ingar unnu í gærkvöld Meistarakeppni KSÍ eftir góðan 2-0 sigur á FH-ingum á Laugardalsvelli. FH-ingar voru sterkari aðilinn í upphafi fyrri hálfleiks en Kjartan Henry kom KR-ingum yfir seint í hálfleiknum með marki úr vítaspyrnu.

KR-ingar bættu öðru marki við undir lok hálfleiksins og var þar aftur á ferðinni Kjartan Henry en hann fylgdi laglegu skoti Atla Sigurjónssonar vel eftir.

Leikurinn datt nokkuð niður í síðari hálfleiknum en bæði lið fengu þó tækifæri til þess að skora mörk. KR-ingar unnu svo að lokum verðskuldaðan 2-0 sigur.

Kjartan Henry Finnbogason, leikmaður KR, skoraði bæði mörk sinna manna og var að vonum ánægður í leikslok.

„Þetta var fínn leikur hjá okkur. Við vorum ekkert sérstaklega mikið með boltann en við skoruðum fleiri mörk og það er það sem skiptir máli. Við erum búnir að taka tvo titla hérna á undirbúningstímabilinu og stefnum við á að halda áfram,“

„Þetta var fín prufa fyrir okkur og núna þurfum við bara að byggja ofan á þetta á tímabilinu,“ sagði Kjartan Henry í leikslok. -shf



**MEISTARAR** KR-ingar fagna með markaskoraranum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# SUMARTILBOÐ WORLD CLASS




Sumartilboðið er í boði frá 1. maí

World Class ICELAND

Heilsurækt fyrir þig á 10 stöðum

www.worldclass.is

> **Stöð 2 kl. 22.05**

**Small Island**

***Fyrri hluti áhrifamikillar sögu um tvær ungar konur með ólíkan bakgrunn sem eiga þó meira sameiginlegt en nokkurn óraði fyrir. Myndin er byggð á samnefndri verðlaunasögu frá 2004 eftir breska rithöfundinn Andrea Levy.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR ER SÖKKER

# *Hollywood og hjartans mál*

Að liggja uppi í sófa og horfa á heilalausar, rómantískar gamanmyndir er góð skemmtun sem er reglulega notið á mínu heimili.

Verandi ástsjúkur sökker fyrir rómantík, mikill aðdáandi Jennifer Aniston (og fullkomna hársins hennar) og þeirrar trúar að góði endirinn sé reglan en ekki undantekningin, þá veit ég fátt skemmtilegra en að týna mér í heimi örvæntingar og væmni þar sem ástin sigrar alltaf. Um daginn datt ég niður á myndina He's Just Not That Into You og rifjaði upp tímann þegar hún kom út og einhleypar konur alls staðar að úr heiminum hópuðu sig saman í bíó með glósubók og penna. Þarna var komin myndin sem við höfðum allar beðið eftir, kennslumyndband um hvernig þekkja ætti delana frá góðu gaurunum og að leggja okkur línurnar um hvað mætti og hvað ekki í deitheimum. Eftir að hafa setið sveittar í bíósalnum alla myndina og reynt að rissa niður allar ábendingarnar og leiðbeiningarnar jafn óðum kom þó sprengjan í lokin. Myndin féll um sjálfa sig þegar delinn varð góði gaurinn og örvæntingafulla, ástsjúka gellan hafði þá haft rétt fyrir sér allan tímann.



Flestar konur í bíósalnum fórnuðu höndum, rifu glósurnar í æðiskasti og strunsuðu úr salnum sviknar og bölvandi yfir því tilfinningalega tjóni sem myndin hafði kostað þær. Við vonlausu rómantíkusarnir fórum þó út með bros á vör og gleði í hjarta, því myndin sannaði jú bara enn og aftur að ástin vinnur alltaf að lokum… að minnsta kosti í Hollywood!

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Anna í Grænuhlíð og fleiri rauðhærðir kvenskörungar **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 EM stofa** (1:5) (e)
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (Phineas and Ferb)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (Classic Cartoon)
**18.30 Gló magnaða** (Kim Possible)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Bræður og systur** (104:109) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.50 Reykjavíkurleikarnir - Dans** Upptaka frá danssýningu á Reykjavíkurleikunum sem fram fóru í janúar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Óhefðbundnar lækningar** (The Living Matrix: The Science of Healing) Heimildamynd um nýjar uppgötvanir sem breyta skilningi fólks á því hvernig á að halda heilsu og kraftaverkalækningar sem ekki er hægt að útskýra með hefðbundnum vísindum.
**23.45 Landinn** (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Funny Money**
**10.00 When Harry Met Sally**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Funny Money**
**16.00 When Harry Met Sally**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Valkyrie**
**22.00 The International**
**00.00 Delta Farce**
**02.00 Fuera del cielo**
**04.00 The International**
**06.00 500 Days Of Summer**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.25 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (135:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (2:13)
**11.25 Til Death** (9:18)
**11.50 Pretty Little Liars** (18:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (5:24)
**13.25 The F Word** (3:9)
**14.15 Ghost Whisperer** (16:22)
**15.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (1:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons**
**19.45 Better With You** (19:22)
**20.10 New Girl** (12:24)
**20.35 Hannað fyrir Ísland** (7:7) Glæsilegir nýir þættir þar sem íslenskir hönnuðir fá að spreyta sig og nýta reynslu sína í að hanna bestu útivistarflíkur sem völ er á.
**21.20 Grey's Anatomy** (20:24)
**22.05 Small Island** Fyrri hluti áhrifamikillar sögu um tvær ungar konur með ólíkan bakgrunn en þær eiga þó meira sameiginlegt en nokkurn óraði fyrir. Hortense er frá Jamaíka og eltir eiginmann sinn til Bretlands á stríðsárunum um miðja síðustu öld.
**23.35 Mið-Ísland** (6:8)
**00.05 Alcatraz** (12:13)
**00.50 NCIS: Los Angeles** (18:24)
**01.35 Rescue Me** (10:22)
**02.20 Fringe** (1:22)
**03.00 Fringe** (2:22)
**03.45 The Good Guys** (1:20)
**04.30 Chase** (3:18)
**05.15 New Girl** (12:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Kiel - Magdeburg**
**17.10 Þýski handboltinn: Kiel - Magdeburg**
**18.30 FA Cup - Preview Show**
**19.00 Þór - Grindavík**
**21.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Fuchse Berlin**
**22.20 Spænski boltinn: Barcelona - Malaga**
**00.05 Spænski boltinn: Ath. Bilbao - Real Madrid**
**01.50 Þór - Grindavík**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Fulham**
**12.10 Everton - Fulham**
**14.00 Sunnudagsmessan**
**15.20 Premier League Review 2011/12**
**16.15 Football League Show**
**16.45 Stoke - Everton**
**18.35 Chelsea - Newcastle** BEINT
**20.45 Premier League World**
**21.15 Bolton - Tottenham**
**23.05 Chelsea - Newcastle**
**00.55 Bolton - Tottenham**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.00 The Doctors** (104:175)
**19.40 American Dad** (16:18)
**20.05 The Cleveland Show** (9:21)
**20.30 Mið-Ísland** (6:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Two and a Half Men** (10:24)
**22.15 The Big Bang Theory** (1:24)
**22.45 How I Met Your Mother** (4:24)
**23.10 White Collar** (9:16)
**23.55 Burn Notice** (16:20)
**00.40 The Daily Show: Global Edition**
**01.05 Better With You** (19:22)
**01.30 American Dad** (16:18)
**01.55 The Cleveland Show** (9:21)
**02.20 The Doctors** (104:175)
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (22:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Girlfriends** (7:13) (e)
**16.10 Solsidan** (2:10) (e)
**16.35 Hæfileikakeppni Íslands** (5:6) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Mobbed** (5:11) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (13:48) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (16:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (23:24) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (8:14) Nú er ferðinni heitið til Noregs þar sem stúlkurnar taka þátt í ískaldri myndatöku.
**20.55 The Firm** (10:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Mitch grípur til varna fyrir konu sem sökuð er um að hafa rænt þriggja mánaða gömlu barni.
**21.45 Law & Order UK** (9:13) Virtur dómari særist lífshættulega þegar hún verður fyrir skotárás sem í fyrstu virðist tengjast bifreiðaþjófnaði.
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Hawaii Five-0** (13:22) (e)
**00.05 Californication** (11:12) (e)
**00.35 The Walking Dead** (13:13) (e)
**01.25 The Firm** (10:22) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** Zurich Classic 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** Zurich Classic 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** LPGA Highlights (8:20) **20.15** Ryder Cup Official Film 2008 **21.35** Inside the PGA Tour (18:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (16:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.45** My Family **08.15** The Inspector Lynley Mysteries **09.45** Deal or No Deal **10.20** EastEnders **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Thick of It **23.10** Top Gear **00.00** My Family

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drivhusdrømme **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Restaurant bag tremmer **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kidnappet **20.40** Pacific Paradise Police **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Bryllup i Farver

## NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.10** Schrödingers katt **13.40** Naturopplevelser **14.00** NRK nyheter **14.10** Sommerfugler **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Dronningens palasser **18.35** Glimt av Norge **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Borgen **23.05** Dronningens palasser

## SVT 1

**08.00** Hugo Alfvén 1872-1960 **08.45** Så levde de lyckliga **09.45** Dox **11.35** Tjejer till Kilimanjaro **12.45** Ficktjuven **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Från Lark Rise till Candleford **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Svenska dialektmysterier **19.30** Kobra **20.00** The Promise **21.25** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.35** Malmöpolisen **22.35** Dox **00.25** Rapport

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun






7000!
ÁNÆGÐIR
TÓNLEIKAGESTIR
FREDDIE
MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
EYÞÓR INGI-EIRÍKUR HAUKSSON-MATTHÍAS MATTHÍASSON-FRIÐRIK ÓMAR-MAGNI-HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
ÁSAMT 12 MANNA HLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT FLYTJA ÖLL BESTU LÖG FREDDIE MERCURY
"Það var alveg ótrúleg upplifun að sitja á báðum tónleikunum í Eldborg í gær! Þvílíkir listamenn sem við eigum. Takk fyrir mig!" Brynja Ólafsdóttir.
"Heiðurstónleikar um Freddie Mercury voru í alþjóðlegum klassa og tvímælalaust þeir flottustu sem íslenskir rokkarar hafa gert" Hemmi Gunn dagskrárgerðarmaður.
"Fór á Freddy Mercury tónleikana í gær í hörpunni.. Hugsanlega bestu tónleikar sem ég hef farið á um ævina... Shitt, ég er ennþá í sjokki!" Birgir Sævarsson.
"Frábærir tónleikar sem stóðust fyllilega væntingar mínar og meira til. Var á köflum orðlaus." Rúnar Róberts á Bylgjunni.
"Þetta voru magnaðir tónleikar og skemmtun sem að rennur mér seint úr minni. Takk fyrir mig!" Aileen Soffia Svensdóttir.
"Vaaaaááááá Freddy Mercury tónleikarnir í Hörpunni voru æææææææææææææðððð!!! Takk takk takk fyrir æðisgengna tónleika. Vá hvað Ísland á framúrskarandi tónlistarfólk :)" Ásthildur Björnsdóttir.
"Geggjaðir tónleikar!!! Skemmti mér fyrir allan peninginn og rúmlega það :D" Elín Þórðardóttir.
NÆSTU TÓNLEIKAR
01.09 HARPA-REYKJAVÍK
08.09 HOF - AKUREYRI
midi.is
MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS
OG Á WWW.MENNINGARHUS.IS HEFST Í DAG KL. 12:00
RIGG EVENTS
LJÓSMYND: BRAGI KORT

**GOTT Á GRILLIÐ**



*„Ég verð að viðurkenna að maðurinn minn er grillarinn á heimilinu. En við búum oft til kalkúna- eða kjúklingaborgara. Þá er fullt af salati með, góð hvítlaukssósa og við búum alltaf til heimagert guacamole.“*

Berglind Sigmarsdóttir, matreiðslukona.

# Stutt skref hjá Moses Hightower

„Þetta er fyrsta útgáfan okkar hjá record records, en við gáfum út síðustu plötu sjálfir. Þetta er því ákveðið skref fyrir okkur, stutt skref,“ segir Andri Ólafsson bassaleikari og söngvari hljómsveitarinnar Moses Hightower. Hljómsveitin gaf út nýtt lag, Stutt skref, síðastliðinn mánudag.

Lítið hefur heyrst frá hljómsveitinni að undanförnu en hún sló í gegn með plötu sinni, Búum til börn, árið 2010. „Við reynum að halda tónleika og koma fram þegar við erum allir á landinu. Bæði ég sjálfur og Daníel gítarleikari erum þó í námi erlendis, hann í Berlín og ég í Amsterdam, svo það gefast ekki mörg tækifæri þar sem við náum því,“ segir Andri. Strákarnir hafa þó ekki setið aðgerðalausir, því þeir eru að vinna í nýrri plötu sem mun meðal annars innihalda lagið Stutt skref. Platan verður með svipuðu sniði og sú fyrsta og segir Andri stóran hluta þeirra listamanna sem tóku þátt í fyrri plötunni leggja hönd á plóg að þessu sinni líka, þó hann treysti sér ekki til að staðfesta nein nöfn ennþá. Platan hefur enn ekki fengið nafn, en er væntanleg í sumar. „Við erum að vinna hörðum höndum að því að koma henni út í júlí svo við getum fylgt henni vel eftir á meðan við verðum allir á landinu,“ segir Andri og bætir við að dagskrá sumarsins sé í vinnslu, en reikna megi með að þeir verði á ferli frá því í júlí og fram í september. - trs



**HÓPVINNA** Strákarnir í Moses Hightower sömdu nýja lagið sitt, Stutt skref, allir saman eins og öll þeirra lög hingað til.








**Í HLJÓÐVERI** Hljómsveitin Retro Stefson ásamt Sveinbirni Thorarensen, Hermigervli, í hljóðverinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






SVEINBJÖRN THORARENSEN: ÞETTA ERU ÆÐISLEGIR KRAKKAR

# Hermigervill aðstoðar Retro Stefson á nýrri plötu

Tónlistarmaðurinn Sveinbjörn Thorarensen, eða Hermigervill, aðstoðar hljómsveitina Retro Stefson við gerð hennar næstu plötu og verður tvíeykið saman í hljóðveri í þessari viku.

Samstarf þeirra hófst í Belgíu seinasta vetur þar sem Sveinbjörn býr. „Við vorum að spila í Brussel og ég fór í heimsókn til hans í Antwerpen,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson úr Retro Stefson. „Við kynntumst honum síðasta sumar þegar Berndsen kom að spila í Berlín. Þá var Sveinbjörn að spila með honum á hljómborð. Við fengum hann til að gista hjá okkur eina nótt í íbúðinni okkar. Það er til mikið af sniðugu fólki en maður vill líka kynnast því sem manneskjum til að vita hvort maður vill vinna með því. Hann var mjög skemmtilegur og þægilegur að vinna með,“ segir hann um Sveinbjörn.

Samstarfið leggst vel í Sveinbjörn, sem hefur áður aðstoðað Retro Stefson með hið vinsæla lag Qween. Hann hefur einnig búið til endurhljóðblandaða útgáfu af laginu. „Ég býst við því að þetta „remix“ verði vinsælt á öldurhúsum bæjarins þegar það kemur út. Ég tók þau atriði sem eru dansvæn og gerði meira úr þeim,“ segir Sveinbjörn.

Honum líkar vel að vinna á bak við tjöldin og hlakkar til að starfa meira með Retro Stefson. „Við erum með tímabundið hljóðver sem við settum upp og erum að „brainstorma“ og hafa gaman,“ segir hann. „Þetta eru æðislegir krakkar og ég get ekki hugsað mér að vinna með betra fólki. Það er mikil orka í þeim. Ég er líka stoltur að taka við kyndlinum af Árna plúseinum sem er búinn að vera mikið á bak við þau á fyrri plötunum.“ Sveinbjörn ætlar að nýta tímann á meðan á dvölinni á Íslandi stendur og spila með Berndsen á Faktorý á fimmtudaginn.

Auk Sveinbjörns hafa tveir aðrir komið að upptökunum með Retro Stefson, þau Styrmir Hauksson og hin sænska Elisabeth Carlsson. Útgáfurisinn Universal í Þýskalandi gaf út síðustu plötu sveitarinnar, Kimbabwe. Fyrirtækið er með forkaupsrétt á nýju plötunni og mun gefa hana út ef því líst vel á hana. Gripurinn er væntanlegur í lok sumars eða snemma í haust og bíða aðdáendur Retro Stefson eftir henni með mikilli eftirvæntingu.

freyr@frettabladid.is






# Rúnar Ingi í Shots Magazine

„Þetta er algjör snilld. Það hefur lengi verið draumur minn að komast þarna inn,“ segir auglýsingaleikstjórinn Rúnar Ingi Einarsson.

Viðtal við Rúnar Inga birtist fyrir skömmu í Shots Magazine, sem er eitt helsta tímarit auglýsingageirans. Tilefnið var auglýsing sem hann gerði fyrir fyrirtækin Nike og Össur ásamt þríþrautarkonunni Söru Reinertsen, sem er með gervifót frá Össuri.

Aðspurður segir Rúnar Ingi að auglýsingin hafi fengið góð viðbrögð. „Hún hefur hjálpað mikið við að koma mér áfram og eins líka að þeir hjá Shots Magazine skuli pikka þetta upp. Það gefur þessu ákveðinn gæðastimpil.“

Rúnar Ingi, sem er 26 ára, hefur starfað sem leikstjóri hjá Pegasus í eitt ár en hefur verið í auglýsingabransanum í um átta ár. Hér heima hefur hann leikstýrt auglýsingum fyrir Ikea, 66°norður og VR, auk þess sem hann gerði tónlistarmyndband við lag Hjaltalín, Feels Like Sugar. - fb



**RÚNAR INGI EINARSSON** Viðtal við Rúnar Inga birtist í tímaritinu Shots Magazine. Hann gerði auglýsingu með þríþrautarkonunni Söru Reinertsen.

KFC

# Doritos TWISTER®

Brakandi,
seiðandi,
tælandi,
löðrandi,
eggjandi,
töfrandi,
fagnandi,
stökkur,
sætur,
mjúkur,
sterkur,
ferskur,
nýr,
unaðslegur,
yndislegur, frábær og skemmtilegur!

**699 kr.**

Minnum á nýjan KFC stað við Sundagarða



Tortilla • rifinn ostur
majónes • iceberg
muldar Doritos flögur • Zinger lundir
salsasósa • ristaður í grilli

PIPAR\TBWA • SÍA • 121039

svoooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tilbúnir með handrit

Eitt af því síðasta sem **Auddi** og Sveppi gerðu í þáttum sínum á Stöð 2 var að keppa í stiklugerð fyrir ímyndaðar kvikmyndir. Leyni-löggustikla Auðuns sló í gegn, svo rækilega að ákveðið var að setjast niður og skrifa handrit að kvikmynd í fullri lengd. Nú heyrist að handritið sé tilbúið og að Auðunn og leikstjórinn Hannes Halldórsson horfi í kringum sig í leit að leikurum fyrir myndina. Enn er þó óvíst hvenær tökur hefjast, en ljóst er að margir bíða spenntir eftir afrakstrinum þar sem að stiklan var ekkert minna en stórkostleg.



### Langyngsti makinn

Andrea Jóhanna Ólafsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, tilkynnti formlega um framboð sitt til embættis forseta Íslands á blaðamannafundi í gær. Fari svo að Andrea nái kjöri má telja víst að **Hrafn Malmquist**, maður hennar, muni fylgja henni á Bessastaði. Ef svo fer verður Hrafn langyngsti maki forseta í Íslandssögunni. Hrafn er fæddur árið 1982, tíu árum yngri en Andrea, en sjálfan vantar hann fimm ár upp á til að verða kjörgengur í embætti forseta.

**- afb / kh**



## Mest lesið vísir

1. Dani skammar Íslendinga - gefið stefnuljós
2. „Sælgæti“ fyrir máva stráð á velli í Kópavogi
3. Kom í heiminn á heimili sínu
4. Björgólfi meinað að rífa aðalstigann
5. Fylgi nýnasista vex hratt





